



Kvikmyndasýning í lauginni Ævintýri Múmínálfanna, Halastjarnan, var sýnt við góðar undirtektir gesta í Sundlaug Kópavogs í gærdag. Sýningin er hluti af kvikmyndaveislu Riff, alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík, sem hófst síðasta fimmtudag og lýkur 4. október. Fréttablaðið/Stefán

Vann bæði fyrir ráðuneyti menntamála- og atvinnuvega

STJÓRNSÝSLA Fyrirtækið LC Ráðgjöf, í eigu Guðfinnu Bjarnadóttur, fyrrverandi þingmanns Sjálfstæðisflokks, sem vann að læsisverkefni mennta- og menningarmálaráðherra, vann á sama tíma verkefni fyrir atvinnuvegaráðuneyti um stefnumótun í ferðaþjónustu.

Fyrirtækið fékk 17,2 milljónir króna fyrir vinnu að ferðamálastefnu og tæpar tólf milljónir vegna læsisverkefnisins.

„Það getur vel verið að þetta sé innan allra reglna en það er svoltið pólitískt svell að semja svona við fyrrverandi liðsfélaga án þess að leita tilboða,“ segir Grétar Þór Eypórsson, prófessor í stjórnmálafræði, um málið. „Menn ættu í ríkara mæli að leita tilboða við sem flestum verkum.“

Birgitta Jónsdóttir, þingmaður Pírata, vill að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þingsins fjalli um málið. - sa / sjá síðu 4

Leigðu mælana aftur fyrir 5,7 milljarða

Forsvarsmenn OR geta ekki svarað hverju einkavæðing mælareksturs hafi skilað.

ORKUMÁL Greiðslur Orkuveitu Reykjavíkur til Frumherja vegna mælaleigu frá árinu 2001 til 2015 námu 5,7 milljörðum króna að núvirði, eða 360 til 420 milljónum króna árlega. Orkuveitan hefur nú að fullu eignast mælasafnið að nýju og 15 ára viðskiptasambandi fyrirtækjanna er lokið.

Orkuveitan greindi frá kaupum dótturfélags síns, Veitna ohf., á mælasafni Frumherja í vikunni. Kaupverðið var 1,6 milljarðar króna, en Frumherji keypti mælana á 590 milljónir króna (að núvirði) af OR árið 2001.

Greiðslurnar þessi 15 ár voru vegna alls rekstrar mælasafnsins, svo sem launa og annar rekstrarkostnaðar, fjárfestinga í nýjum mælum vegna stækkunar veitusvæðis og endurnýjana, prófana á mælum, þjónustu

við þá og útskipta ásamt ábyrgð á mælum sem bíla, segir í skriflegu svari til Fréttablaðsins frá OR.

Þar segir jafnframt að stjórnendum Veitna og OR sé „ekki kunnugt um þær forsendur sem lágu til grundvallar ákvörðun um sölu á sínum tíma og hafa ekki lagt mat á hagsvæmni þeirrar ákvörðunar“, við spurningunni um hversu hagstæð einkavæðingin hafi verið Orkuveitunni þegar upp er staðið.

Rök fyrir endurkaupum á mælasafninu segir OR vera góða fjárhagslega stöðu fyrirtækisins en ekki síður tæknilega uppbyggingu sem best sé að annast án milliliða. „Til lengri tíma stuðli ákvörðunin svo að hagræðingu og sparnaði í rekstri, viðskiptavinum Orkuveitunnar til hagsbóta.“ - shá / sjá síðu 6

Ekki var um frekari framlengingar að ræða

2001 - Frumherji hf. keypti mælasafn OR í kjölfar útboðs og leigði OR til afnota. Frumherji hefur síðan átt og rekið mælasafnið.

2007 - Eignarhaldsfélag í eigu Finns Ingólfssonar og fleiri fjárfesta kaupir allt hlutfé í fyrirtækinu. Annar samningur OR og Frumherja var gerður eftir útboð.

2014 - Samningur Frumherja og OR rann út og var þá framlengdur til eins árs eða til mailoka 2015. Ekki voru frekari möguleikar á framlengingu í samningnum.

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Guðmundur Andri um umræðu um góða fólkið. **12-13**

SPORT FH Íslandsmeistarar í sjöunda sinn í sögu félagsins. **14**

TÍMAMÓT Vill femíniskari nemendafélög í framhaldsskóla. **16**

LÍFÍÐ Jóhannes Haukur Jóhannesson hárrúður og skeggjaður. **26**

2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

LANDMARK FASTEIGNASALA

Sími

512 4900

landmark.is

LANDMARK

DEBENHAMS HAUST-SPRENGJA



25% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM*

20% AFSLÁTTUR

AF SNYRTIVÖRUM

SÍÐASTI DAGUR!

*Gildir ekki með öðrum tilboðum

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR
BÖRN SNYRTIVÖRUR

Veður



Suðaustan- og austanátt og fer að rigna í dag, fyrst suðaustanlands. Norðlægari átt vestan til um kvöldið, en hversir fyrir austan og bætir í úrkomu. Hiti 6 til 11 stig. **SJÁ SIÐU 20**



Frans páfi kom í sína fyrstu heimsókn til Bandaríkjanna fyrir helgi, en henni lauk í gær.

Páfi segir Guð gráta þjáningar barna

TRÚMÁL Frans páfi hitti í heimsókn sinni til Bandaríkjanna í gær fimm einstaklinga, þrjár konur og tvo karla, sem í æsku voru beittir kynferðisofbeldi. Ekki er vitað hversu stór hluti þeirra var misnotaður af prestum, en á fréttavef Breska ríkisútvarpsins, BBC, er páfi sagður hafa sagt þeim að kirkjufólk og biskupar sem beittu slíku ofbeldi eða létu hjá líða að vernda börn, þyrftu að svara fyrir gjörðir sínar.

„Guð grætur vegna þessara þjáninga,“ sagði hann við fólkid, sem nú er fullorðið en varð fyrir ofbeldinu á barnaldri. Fundur með fólkinu átti sér stað í prestaskóla í Pennsylvaníu í gærmorgun, en í tilkynningu sem send var út eftir hann kemur fram að gerendur í málum fólksins hafi verið fjölskyldumeðlimir, kennarar eða prestar.

Páfi lýsti hryggð sinni yfir þeim skiptum þegar ekki var tekið mark á fórnarlömbum og fjölskyldum þeirra þótt glæpir hefðu verið tilkynntir. „Verið viss um að hinn helgi faðir bæði heyrir og trúir,“ sagði hann við þolendur glæpanna.

Heimsókn páfa til Bandaríkjanna lauk í gær. -kak, óká

Fjölmargir sóttu Landhelgisgæsluna heim



Hátt á þriðja þúsund manns kom við á opnu húsi í flugskýli Landhelgisgæslunnar á Reykjavíkflugvelli í gær, að því fram kemur á vef Gæslunnar. Til sýnis voru þyrllur, flugvél, sprengjubíll, bátar, köfunarbúnaður, sjökort, myndir og margvíslegur búnaður annar. Fréttablaðið/Stefán

Ræða áætlun undir hatti AGS

HVÍTA-RÚSSLAND Christine Lagarde, framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldvegrissjóðsins (AGS), fundaði um helgina með Alexander Lúkasjenkó, forseta Hvíta-Rússlands. Þau fóru yfir efnahagsástandið í landinu og ræddu möguleikana á að koma á fót umbótaáætlun með stuðningi AGS.



Christine Lagarde framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldvegrissjóðsins

Talsmaður sjóðsins segir að Lagarde fagni áföngum sem náðst hafi nýlega við að styrkja umgjörð stefnumótunar í Hvíta-Rússlandi, en leggi áherslu á að viðtækari endurskipulagningar sé þörf, með stuðningi á æðstu stöðum, til þess að endurheimta stöðugleika og sjálfbæran hagvöxt í landinu. Í þeim efnunum skipti máli tilmæli í nýlegri heimsókn sendinefndar sjóðsins. -kak

Rostungsbeinin frá því löngu fyrir Kristsburð

Aldursgreining rostungabeina styður kenningu um fast aðsetur rostunga hér.

RANNSÓKNIR Rannsóknir sem Náttúruminjasafn Íslands leiðir í samstarfi við Jarðvísindastofnun og Líffræðistofu Háskóla Íslands hafa leitt í ljós að nokkrir vel tenntir rostungshauser og stakar rostungstennur sem fundust í Staðarsveit á Snæfellsnesi árið 2008 eru af dýrum sem höfðust við á svæðinu 100 til 200 árum fyrir Kristsburð. Þetta eru sterkustu vísbendingar sem komið hafa fram hingað til um fast aðsetur rostunga við Ísland fyrir á tímum.

Rannsóknasamstarfið felur m.a. í sér að varpa ljósi á fornlíffræði rostunga hér við land, útskýra aldur þeirra, jarðsögulega stöðu, líffræði og hugsanleg tengsl við rostungstofna annars staðar í norðanverðu Atlantshafi. Gagnasafnið sem liggur að hluta til til grundvallar rannsókninni er í vörslu Náttúrufræðistofnunar Íslands og nær til beinaleifa um 50 rostunga sem fundust hafa hér við land á undanföllum 100 árum eða svo, og er elsta sýnið frá árinu 1884.

Hilmar J. Malmquist, forstöðumaður NMÍ, var ásamt sérfræðingum frá Háskóla Íslands og Ársarháskóla staddur að Ytri-Görðum í Staðarsveit þegar Fréttablaðið náði af honum tali, og var þar við mælingar og sýnatöku úr nýjasta rostungshausnum sem fannst í ágústlok í Garðafjöru – stórrí og heillegri hauskúpu með báðum skögultönnum.

„Þeir hausar og skögultönn úr fjórða dýrinu voru aldursgreind með C-14 aðferð og voru ekki einasta firnagömul heldur voru öll dýrin álíka gömul, þ.e. 2.100-2.200 ára. Sú staðreynd að dýrin eru þetta gömul og svipuð að aldri og jafnframt fundin á afmörkuðu svæði gefur sterklega til kynna að rostungar hafi haft fast aðsetur hér við land og verið með látur á staðnum löngu fyrir landnámstíð. Afar ólíklegt er



Árný Sveinbjörnsdóttir, jarðfræðingur frá Jarðvísindastofnun, tekur sýni með demantsbor úr skögultönn rostungs sem fannst í Garðafjöru í ágústlok. Mynd/Hilmar



Hilmar J. Malmquist forstöðumaður NMÍ

að þessir gömlu rostungar tengist skipaskada við ströndina eftir að land byggðist, eins og ein kenningin sagði til um,“ segir Hilmar.


„Þessar rannsóknir eru mikilvægar fyrir skilning okkar á náttúrusögu landsins og hvernig kringumstæður voru hér fyrir á tímum og, ekki síður, geta þær varpað nýju ljósi á menningarsögu þjóðarinnar, m.a. í tengslum við rostungsörnefni og nýtingu rostungsaferða á borð við tennur og húðir.“

svavar@frettabladid.is


Styrkir umdeilda kenningu um taflmenn

Undirliggjandi aldursgreiningu rostungstannanna er kenning Guðmundar G. Þórarinssonar um að elstu taflmenn heims

með nútímaútlit, Lewis-taflmennirnir, séu íslenskir að uppruna. Taflmennirnir fundust árið 1831 á skosku eyjunni Lewis. Þeir eru flestir skornir úr rostungstönn og taldir gerðir á árabílinu 1150 til 1200. Taflmennirnir eru taldir meðal merkustu forngrípa í eigu Breska þjóðminjasafnsins.



Lewis-taflmaður



NÁM Í TÖLVUVIÐGERÐUM

Næstu námskeið byrja 12. og 13. október

- Þetta vinsæla námskeið er fyrir þá sem vilja starfa við tölvuviðgerðir, uppfærslur og endurbætur.
- Námskeiðið er verklegur undirbúningur fyrir A+ gráðurnar frá CompTIA.
- Frábært skref inn í tækniheiminn.

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN
HLÍÐASMÁRA 9 · KÓPAVOGI · Sími 544 4500 · NTV.IS

ntv

50

FIMMTÍU ÁR Á ÍSLANDI

TOYOTA

MEST SELDI BÍLLINN Í 25 ÁR



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

ÞÚ GRÆÐIR MEIRA Á ÞVÍ AÐ KEYRA BÍL SEM VEITIR ÞÉR GLEÐI*

*Ef við reiknum það út
frá hamingjustundum.



NÝR AURIS HYBRID

Finndu gleðina í hjóðlátum og liprum akstri, hvort heldur með bensín- eða dísilvél eða í Hybrid-útfærslu. Nýr Auris er með ríkulegum staðalútbúnaði og glæsilegur að innan sem utan.

Láttu hjartað ráða för.

Verð frá 3.490.000 kr.**

Fáðu að vita meira á Toyota.is/auris

TOYOTA
HYBRID

Kynntu þér **Toyota FLEX**

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

Lág
innborgun

Tryggt
framtíðarvirði

Fastar
mánaðargreiðslur

GJAFABRÉF FRÁ ICELANDAIR TIL EVRÓPU MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM***



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

**Verð fyrir Auris Live með 1.33 bensín- eða 1.4 dísilvél.

***Gildir ekki með öðrum tilboðum.

****Gildir ekki með öðrum tilboðum. Viðkomandi þarf að vera meðlimur í Icelandair Saga Club. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

500.000 Vildarpunkta af mælisvinningur
verður dreginn úr hópi þeirra sem fá
nýja Toyotu afhenta í september****

Fimmtíu hælisleitendum komið fyrir á Bæjarhrauni í Hafnarfirði

FLÓTTAMENN Um miðjan ágúst var tekið í notkun á Bæjarhrauni í Hafnarfirði nýtt búsetuúrræði fyrir hælisleitendur hér á landi. Þar búa nú um 50 einstaklingar. Er þetta þriðja búsetuúrræðið sem Útlendingastofnun hefur úr að spila í dag.

Viðræður eru hafnar milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Útlendingastofnunar um viðlíka samning um aðstoð við hælisleitendur og stofn-

unin hefur gert bæði við Reykjanesbæ og Reykjavík. Málið var tekið fyrir á fundi fjölskylduráðs Hafnarfjarðar á föstudag.

„Útlendingastofnun mætti á fundinn til okkar og leitaðist eftir því að Hafnarfjarðarbær myndi gera samning um þjónustu við tiltekinn fjölda fjölskyldna um félagsaðstoð og menntun,“ segir Guðlaug Kristjánsdóttir, forseti bæjarstjórnar og



Guðlaug Kristjánsdóttir, forseti bæjarstjórnar og formaður fjölskylduráðs Hafnarfjarðar

formaður fjölskylduráðs Hafnarfjarðar. Tekið hafi verið vel í málalettanina.

Árið verður metár í fjölda hælismúsókna og því hefur Útlendingastofnun þurft að leita að hentugu húsnæði til þess að hýsa fólk. Fjöldi staða hefur verið skoðaður í því ljósi, til dæmis St. Jósefsspítali í Hafnarfirði sem stendur auður og hefur gert í mörg ár.

Skúli Á. Sigurðsson, lögfræðingur Útlendingastofnunar, segir fólk af ýmsum þjóðernum búa nú þegar í Hafnarfirði. „Eins og er búa þarna um 50 hælisleitendur. Þar á meðal eru um tíu fjölskyldur með börn sem búa á hæð ásamt einstæðum konum. Á annarri hæð eru einhleypir karlmenn og ekki er gengt milli hæðanna,“ segir Skúli. Fólk sé héðan og þaðan úr heiminum. - sa



Belgar gengu til stuðnings flóttafólki í Brussel í gær. Á borðnum stendur „enginn er ólöglegur“. Fréttablaðið/EPA

Drukkuðu við strendur Tyrklands

TYRKLAND Sautján flóttamenn, sem taldir eru hafa verið frá Sílandi, drukkuðu við strendur Tyrklands í gær, þegar bátur sem þeir voru í sökk. Tuttugu aðrir komust lífs af, en þeir voru í björgunarvestum. Fimm börn voru á meðal þeirra sem fórust. Einnig drukkuðu fimm konur og sjö karlar.

Svo virðist sem fólk hafi verið fast neðan þilja þegar báturinn sökk. Talið er að flóttamennirnir hafi verið að reyna að komast frá þorpinu Gumusluk yfir til Grikklands.

Alls hafa um 300 þúsund flóttamenn komið á land í Grikklandi, það sem af er árinu. Flestir fara svo til annarra Evrópuríkja. - kak

Segja tilskipun ekki brotna

ORKUMÁL Atvinnuvegaráðuneytið áréttar að raforkutilskipun Evrópusambandsins hafi ekki verið brotin. Fréttablaðið greindi fyrir helgi frá áliti ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, í þá veru.

Í tilkynningu segir að ESA hafi borist kvörtun í ágúst í fyrra þar sem bent var á að innleiðingu annarrar raforkutilskipunarinnar væri ekki lokið á Íslandi. Ráðuneytið hafi verið í samskiptum við ESA, sem ekkert ætli að aðhafast þar sem unnið sé að innleiðingu þeirra þátta tilskipunarinnar sem gerð hafi verið athugasemd við. - srs

Vann fyrir tvö ráðuneyti í einu

Fyrirtæki í eigu fyrrverandi þingmanns Sjálfstæðisflokksins vann ráðgjafarstörf fyrir tvö ráðuneyti ráðherra flokksins fyrir samtals 28,8 milljónir króna án þess að leitað væri tilboða. Tengsl við flokkinn eru sögð gera málið tortryggilegt. Þingmaður Pírata telur eðlilegt að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd skoði samningana.

STJÓRNSÝSLA Fyrirtækið LC Ráðgjöf ehf., í eigu Guðfinnu Bjarnadóttur, fyrrverandi þingmanns Sjálfstæðisflokksins, sem vann að læsisverkefni mennta- og menningarmálaráðherra fyrir tæpar tólf milljónir króna, vann á sama tíma verkefni fyrir atvinnuvegaráðuneytið um stefnumótun í ferðaþjónustu. Hefur fyrirtækið fengið greiddar 17,2 milljónir króna fyrir að vinna að ferðamálastefnu Íslands.

Fréttablaðið greindi frá því á föstudag að fyrirtækið hefði gert tvo aðskilda samninga við mennta- og menningarmálaráðuneytið vegna verkefnis um læsi, annars vegar í september 2014 og hins vegar í febrúar. Í þeim samningum, sem hljóða upp á samtals 11,6 milljónir, var talað um vinnu frá september til loka desember 2014 annars vegar, og frá febrúar til júlí árið 2015 hins vegar.

Sú vinna skarast við vinnu fyrirtækisins um ferðamálastefnu fyrir atvinnuvegaráðuneytið. Þar var hlutverk fyrirtækisins að vinna að stefnumótun og greiningu á stöðu ferðamála á Íslandi. Greiddi atvinnuvegaráðuneytið 1,7 milljónir til fyrirtækisins í hverjum mánuði, alls átta greiðslur, en einnig fékk fyrirtækið eina milljón króna við undirritun. Greitt var fyrsta hvers mánaðar, frá september til apríl. Eins og í samningum við menntamálaráðuneytið er skrifað undir samninginn löngu eftir að vinna er hafin við verkið, eða í þessu tilfalli þriðja nóvember. Því hefur fyrirtækið starfað fyrir tvö ráðuneyti síðasta árið hið minnsta og fengið greitt fyrir það 28,8 milljónir króna.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, þingmanns Sjálfstæðisflokksins, um að stjórnvöldum sé skylt að gera kaup á þjónustu yfir 150 þúsund krónum opinber. Birgitta Jónsdóttir fagnar slíku frumvarpi sem myndi þýða að



Skemmtiferðaskip á Ísafirði. LC Ráðgjöf ehf., sem vann verkefni vegna læsis skólábarna fyrir Illuga Gunnarsson menntamálaráðherra, ráðlagði á sama tíma Ragnheiði Elinu Árnadóttur ferðamálaráðherra um nýja ferðamálastefnu. Eigandi fyrirtækisins og annar starfsmaður er fyrrum þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Fréttablaðið/Pjetur

svona samningar yrðu gerðir opinberir. „Það skiptir miklu máli að allir landsmenn sjái hvernig málum er háttað og ég tel eðlilegt að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd fari yfir þessa samninga“.

Grétar Þór Eypórsson, prófessor í stjórnmálafræði, segir tengsl Guðfinnu við Sjálfstæðisflokkinn óeitanlega gera þetta tortryggilegt. „Það getur vel verið að þetta sé innan allra reglna en það er svo-

litið pólitískt svell að semja svona við fyrrverandi liðsfélaga án þess að leita tilboða. Menn ættu í ríkara mæli að leita tilboða við sem flestum verkum,“ segir Grétar Þór.

Guðfinna Bjarnadóttir hefur rekið ráðgjafarfyrirtæki frá árinu 1986. Hún var rektor Háskólans í Reykjavík þar til hún settist á þing fyrir Sjálfstæðisflokkinn árið 2007 og sat þar í tvö ár.

sveinn@frettabladid.is

Það getur vel verið að þetta sé innan allra reglna en það er svoltið pólitískt svell að semja svona við fyrrverandi liðsfélaga án þess að leita tilboða.

Grétar Þór Eypórsson prófessor í stjórnmálafræði



Lyfjaauglýsing

Nicotinell

NICOTINELL LYFJATYGGIGÚMMÍ

Ertu að hætta að reykja? Veistu hvaða bragðtegund hentar þér?

Fæst í 6 bragðtegundum!

Nicotinell, lyfjatyggi. Inniheldur níkótín. Til meðferðar á tobaksfögn er lyfið dregur úr níkótínþörf og fráhrarferkennum og það auðveldar þar með reykjarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykjum. Hætta skal allfarið reykjum meðan á meðferð með Nicotinell stendur. Upphafsskammtur skal ákvarðaður úr frá því hversu hábur níkótín einstaklingurinn er. Verði vart við aukaverkanir þegar hærri styrkleiki er notaður skal líta á skipta yfir í lægri styrkleika. Meðferðarlengd er einstaklingsbundin. Samtímis neysla á súrum drykkjum, eins og t.d. kaffi og sóðavatni, getur minnkað frásög níkótíns í munn. Forðast skal þessa drykki í 15 mínútur fyrir notkun lyfjatyggi. Tyggja skal eitt stykki Nicotinell lyfjatyggi um tíma við reykjagörf. Venjuleg notkun er 8-12 stykki á sólarhring, þó ekki fleiri en 15 stykki af 4 mg lyfjatyggi um tíma og 25 stykki af 2 mg lyfjatyggi um tíma á sólarhring. Vegna eiginleika lyfjatyggi um tíma sem lyfjaforms getur níkótínþéttni í blóði verið mismunandi á milli einstaklinga. Því skal miða tíðni skammta við einstaklingsþörf, innan uppgjöfina hámarkskammta. Tyggja skal eitt lyfjatyggi um tíma þar til finnst sterkt bragð. Lyfjatyggi um tíma skal því næst hvíla á milli kinnar og tannholds. Þegar sterka bragðið minnkar skal byrja að tyggja aftur. Þetta skal endurtaka í 30 mínútur. Í flestum tilfellum skal meðferðin standa í a.m.k. 3 mánuði. Eftir 3 mánuði skal draga smám saman úr notkun. Venjulega er ekki mælt með notkun Nicotinell lyfjatyggi um tíma lengur en í eitt ár. Ef ekki hefur dregið úr fjölda sigarettanna á sólarhring eftir 6 vikur skal leita faglegrar ráðgjafar. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er reiðubúin til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykjum eftir 9 mánaða meðferð. Þeir sem reykja ekki og þeir sem hafa ónæmi fyrir einhverju innihaldsefnum eiga ekki að nota Nicotinell. Ráðgjafar þig við læki eða lyfjafræðing þig ef þú ert vísir að þú megir nota Nicotinell ef þú ert þunguð, með barn á brjósti, hefur nýlega fengið hjartabilun eða hjartaþopp, ert með hjarta- eða æðasjúkdóm, of háan blóðþrygging, sykursjúki, óvirkkan skjaldkirtilinn, nyrnahettur, magasár eða verulega skerta nýrna- og/óða lífrarstarfsemi. Einstaklingar undir 18 ára aldri mega ekki nota Nicotinell nema að læknisráði. Níkótín sem er gleypst getur valdið versnum einkenna hjá sjúklingum sem eru með blógi í völdum, munnli eða koki, magabólgu eða magasár. Einstaklingum með gervittinnur, eiga við vandamál í líðamótum kjálka og þeim sem eiga í erfiðleikum með að tyggja tyggigúmmí er ráðlagt að nota önnur lyfjaform en lyfjatyggi um tíma. Sjúklingar með arfgenet fruktósaþol skulu ekki nota lyfjatyggi um tíma. Athuga ber að lyfjatyggi um tíma og munnsogstíflurnar innihalda natríum og bítýlhýdroxytíólen (E321) sem getur valdið staðbundinni ertingu slímhúðar en sámar bragðtegundir innihalda að auki sorbitól (E420), maltítól (E965) eða aspartám (E 951) sem ekki allir mega taka. Lesið allan lyfjagjöfning vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Jafnvel lítið magn af níkótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi. Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurláun 12a, 210 Garðabæ



Innovation
that excites

NISSAN PULSAR EINN BEST ÚTBÚNI BÍLLINN Í SÍNUM FLOKKI



VETRARDEKK FYLGJA ÖLLUM
NÝJUM NISSAN PULSAR Í
TAKMARKAÐAN TÍMA

NISSAN PULSAR
ACENTA DÍSIL / EYÐSLA 3,6 L/100 KM*
3.590.000 KR.

STAÐALBÚNAÐUR Í NISSAN PULSAR ACENTA ER MEÐAL ANNARS:

LED dagljósabúnaður, NissanConnect upplýsingakerfi með 7" snertiskjá, íslensku leiðsögukerfi og samþættingu við snjallsíma fyrir Facebook og Google leit, Bluetooth handfrjáls síma- og hljómtækjabúnaður, leðurklætt stýri með aðgerðahnöppum, bakkmyndavél, aðalljós með birtuskynjun, upplýsingatölva með 5" litaskjá, sjálfvirkur regnskynjari á rúðupurrkum, tvískipt sjálfvirk loftkæling, 16" álfelgur, lykillaust aðgengi og ræsing.

REKSTRARLEIGA Á SÉRKJÖRUM

Þjóðum nokkra bíla á lækkuðum rekstrarleigukjörum.
Innifalin í leigu eru tryggingar, dekk
og reglubundið þjónustuefirlit.

Leitið nánari upplýsinga hjá sölumönnum Nissan.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bilasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bilasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



OR veit ekki hverju einkavæðing skilaði

Hvorki forsvarsmenn Orkuveitu Reykjavíkur né dótturfélagsins Veitna treysta sér til að meta hvort einkavæðing á hluta starfsemi OR árið 2001 hafi verið góð hugmynd. OR hefur keypt mælana aftur. Borgaði Frumherja 5,7 milljarða króna í leigu.

VIÐSKIPTI Forsvarsmenn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og Veitna, dótturfélags OR, treysta sér ekki til að meta hvort ákvörðun fyrirtækisins um að selja allt mælasafn fyrirtækisins árið 2001 og að leigja það aftur til afnota hafi verið fyrirtækinu hagfeld. Á tímabilinu fram til miðs árs 2015 greiddi fyrirtækið Frumherja 5,7 milljarða króna að núvörðun í leigu fyrir mælasafnið.

Samningar tókust nýlega á milli Veitna ohf., og Frumherja um að Veitur keypti til baka alla mæla fyrir rafmagn og heitt og kalt vatn á þjónustusvæði sínu. Mælarnir eru um 150.000 talsins og er kaupverðið tæpir 1,6 milljarðar króna.

Eins og áður segir greiddi OR Frumherja 5,7 milljarða í leigu frá 2001. Voru greiðslur núvartar á bilinu 360 til 420 milljónir á ári. Greiðslurnar voru vegna alls rekstrar mælasafnsins, svo sem launa og annars rekstrarkostnaðar, fjárfestinga í nýjum mælum vegna stækkunar veitusvæðis og endurnýjana, prófana á mælum, þjónustu við þá og útskipta ásamt ábyrgð á mælum sem bila, segir í skriflegu svari til Fréttablaðsins frá OR.

Þar segir jafnframt að stjórnendum Veitna og OR sé „ekki kunnugt um þær forsendur sem lágu til grundvallar ákvörðun um sölu á sínum tíma og hafa ekki lagt mat á hagkvæmni þeirrar ákvörðunar“, við spurningunni um hversu hagstæð viðskiptin hafi verið Orkuveitunni þegar upp er staðið.

Að öðru leyti vísar Orkuveitan í fréttatilkynningar sínar um upplýsingar um söluna en ákvörðunin um að taka við mælasafninu á ný er einkum byggð á því að mælarnir eru hluti af dreifikerfinu sem er kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Megininntak í stefnuýfirlýsingu OR og

eigenda hennar sé einmitt að hlúa beri sem mest og best að kjarnastarfseminni. Þá sé ör tækniþróun á sviði mælubúnaðar og fyrirtækið þurfi að stýra þeirri uppbyggingu og þróun án milliliða milli fyrirtækisins og viðskiptavina.

Ein meginástæðan er eins að OR telur sig hafa góða fjárhagslega burði til að taka mælana í hús til sín að nýju, „enda hefur viðsnúningur í rekstri hennar tekist betur en áætlað var. Til lengri tíma stuðlar ákvörðunin svo að hagræðingu og sparnaði í rekstri, viðskiptavinum til hagsbóta.“ svavar@frettabladid.is


150.000

mæla kaupir OR á 1,6 milljarða króna.

Stjórnendum Veitna og OR er ekki kunnugt um þær forsendur sem lágu til grundvallar ákvörðun um sölu á sínum tíma og hafa ekki lagt mat á hagkvæmni þeirrar ákvörðunar.

Úr skriflegu svari OR til Fréttablaðsins

Bíllausi dagurinn haldinn hátíðlegur í París



Fólk nýtti sér tækifærið til útivistar við Sigurbogann í París í gær á Avenue des Champs-Élysées, þegar borgin hélt „bíllausan“ dag. Miðborgin var víða lokuð bílum og fjöldi gangandi og hjólandi á ferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Parf ekki samþykki fyrir líffæragjöf

STJÓRN MÁL Þingmenn úr fimm stjórnmálaflokkum hafa lagt fram frumvarp til laga um breytingar á lögum um brottmál líffæra.

Með breytingartillögnum vilja þingmenn koma á svokölluðu „ætluðu samþykki“ sem þýðir að ekki

sé ástæða til að áætla að látinn einstaklingur hafi verið mótfallinn því að leyfa nýtingu líffæra sinna nema annað sé tilgreint.

Líffæragjafakerfi sem innihalda „ætlað samþykki“ þykja töluvert skilvirkari. Í Austurríki er til dæmis

nýst við kerfið og þar er ætlað samþykki um 99 prósent á meðal hugsanlegra líffæragjafa. Í Þýskalandi er nýst við kerfi sem byggir á fyrirframgefnu samþykki en þar í landi hlýst samþykki um 12 prósent hugsanlegra líffæragjafa. - srs

Viltu meðhöndla liðverkinn án þess að taka töflur?

Prófaðu að meðhöndla liðverkina með Voltaren geli.



Lyfjaauglýsing

150g

50% meira magn!

Inniheldur 11,6 mg af diklófenakvítílamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi þorið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiddli í stökkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Háfið samband við lækinn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð 17 sólarhringa. Frábendingar: Örnæmi fyrir einhverju innihaldsefnum, asetýlsalísílsýru og öðrum bólgueydandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakliða eða bráða nefslímubólgu af víðum asetýlsalísílsýru eða annarra bólgueydandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Má ekki nota á síðustu 3 mánuðum meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglíngum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir, augu, sár, exem, vessandi húðbólgu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueydandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/örnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hættu á meðferð ef lífbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á altækum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstgjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. Getur dregið úr frjósemi en þau áhrif ganga til baka. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Healthcare A/S. Umboð á Íslandi: Artisan ehf., Suðurbrauni 12a, 210 Garðabæ.

Við erum öll í ferðapjónustu

Morgunfundur Greiningardeildar Arion banka

Í Borgartúni 19, þriðjudaginn 29. september kl. 8.15–9.30.

Á fundinum mun greiningardeild bankans kynna þróun, stöðu og horfur í ferðapjónustu á Íslandi. Ferðapjónustan verður m.a. skoðuð í þjóðhagslegu samhengi og spá um fjölda ferðamanna verður kynnt. Einnig verður því velt upp hvort við séum komin að þolmörkum á ýmsum sviðum.

Dagskrá

8.15 Léttur morgunverður

8.30 Fundur settur

Staða og þróun í ferðapjónustu

Konráð S. Guðjónsson, sérfræðingur hjá Greiningardeild Arion banka

Barnið vex ...

Anna Hrefna Ingimundardóttir, sérfræðingur hjá Greiningardeild Arion banka

9.30 Fundarlok

[Skráning á arionbanki.is](https://arionbanki.is) ▶

Allir velkomnir

 **Arion banki**
– Fyrir framtíðina

Stefna á sjálfstæði frá Spáni eftir 18 mánuði

Bandalag sjálfstæðissinna í Katalóníu vann sigur í héraðsþingkosningum í gær.

KATALÓNIA Bandalag flokka sem aðhyllast sjálfstæði Katalóníu frá Spáni sigraði í héraðsþingkosningum til katalónska þingsins í gær. Þeir munu freista þess að mynda þingmeirihluta um einhliða aðskilnað við Spán.

Bandalagið, sem kallast Sameinuð um já, fær samkvæmt útgönguspám 63 til 66 þingmenn á héraðsþinginu en líklegt er að bandalagið myndi meirihluta með vinstriflokknum Framboð um þjóðarsamstöðu, sem spád er á bilinu 11 til 13 þingmönnum. 68 þingmenn þarf til að ná meirihluta á héraðsþinginu, sem telur 135 þingmenn.

Næststærsta framboðið er framboð Borgaraflokksins, sem hafnar þjóðernishyggju og aðhyllist evrópska sambandsstjórnarhyggju. Það fær töluvert færri þingmenn eða 19 til 21.

Bandalagið Sameinuð um já er samstarf hægri flokkanna Lýðræðissamkomu Katalóníu og Demókrataflokks Katalóníu annars vegar og vinstri flokkanna Vinstri lýðveldisflokksins og Vinstri hreyfingarinnar hins vegar. Flokkarnir sammældust fyrir kosningarnar um að leggja til hliðar sín hefðbundnu stefnumál til að sameina krafta sína til að tryggja sjálfstæði.

Ef bandalagið tryggir sér þingmeirihluta hefur forseti Katalóníu, Arthur Mas, lofað að Katalónía lýsi yfir einhliða sjálfstæði eftir átján mánuði. Hann vill að Katalónía hefji strax að byggja upp sjálfstæðar stofnanir á borð við seðlabanka, utanríkisþjónustu og her.

Íbúar Katalóníu gengu að kjörborðinu í nóvember í fyrra til að greiða atkvæði um sjálfstæði í óform-

legri þjóðaratkvæðagreiðslu. 80 prósent kjósenda voru hlynnt sjálfstæði en stjórnvöld í Madrid viðurkenndu ekki lögmæti kosninganna og hafa heitið því að skjóta öllum yfirlýsingum um sjálfstæði til dómstóla.

Mariano Rajoy, forsætisráðherra Spánar, hefur þvertakið fyrir sjálfstæði Katalóníu. „Sjálfstæði er ekki í boði fyrir Katalóníu og Katalónía er hvorki að fara að yfirgefa Spán né Evrópusambandið.“

Rajoy er þeirrar skoðunar að sjálfstæði Katalóníu varði alla Spánverja og því væri réttast að allir íbúar Spánar fengu að kjósa um sjálfstæði Katalóníu. Spán munar miklu um aðild Katalóníu þar sem héraðið, sem telur 16 prósent íbúa Spánar, telur 20 prósent af þjóðarframleiðslu Spánar.

stefanrafn@frettabladid.is

Úrslit samkvæmt útgönguspám í gærkvöldi

Úrslit 2012



Úrslit 2015



Sameinuð um Já Framboð um þjóðarsamstöðu Borgarar Sósíalistaflokkur Katalóníu Katalónía - Já við getum Þjóðarflokkur Katalóníu Lýðræðissbandalag Katalóníu



Sjálfstæðissinnar fagna niðurstöðum kosninga í miðborg Barcelona. NordicPhotos/AFP



Innovation that excites

NISSAN MICRA

NETTUR, ÓDÝR OG HLAÐINN BÚNAÐI



NISSAN MICRA VISIA
ELDSNEYTISNOTKUN 5,0 L/100 KM*

VERÐ FRÁ: **1.990.000 KR.**

Staðalbúnaður er meðal annars: Handfrjáls Bluetooth símabúnaður, hiti í sætum, aðgerðahappar í stýri, rafknúð léttstýri, ESP stöðugleikastýring og AUX tengi fyrir iPod o.fl.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílas
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



HREINLAETIS- TÆKJADAGAR!

- ✓ Eldhúsvaskar **25-35%**
 - ✓ Handlaugar **25-65%**
 - ✓ WC **15-25%**
 - ✓ Baðflísar **25%**
 - ✓ SWIFT fylgihlutir **25%**
 - ✓ BOZZ stutuklefar og horn **10%**
 - ✓ Blöndunartæki **15-25%**
 - ✓ Baðkөр **20%**
 - ✓ Sturtuset **15-25%**
 - ✓ Náttúrusteins handlaugar **40-50%**
 - ✓ Glersteinn **25%**
- og margt fleira...

**10-65%
afsláttur**

Afsláttur af

MÚRBÚÐARVERÐI

Það eru góð kaup!

MÚRBÚÐIN

Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8 -18, laug. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8 -18



Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

Tækifæri í september



Sao Paolo - Hangandi ljós

H x b x d: 20 x 20 x 20 sm.

Tækifærisverð:

11.900 kr.

(Fullt verð: 16.900 kr.)



SIEMENS - Expressó-kaffivél

TE 501205RW

Býr til ýmsa kaffidrykki. Einföld í notkun. Þrýstingur: 15 bör. 1600 W. Hágæða kaffikvörn úr keramik. Einstaklega hljóðlát.

Tækifærisverð:

103.900 kr.

(Fullt verð: 129.900 kr.)

SIEMENS



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



Á Sogni var til skamms tíma rekin réttargeðdeild, en eftir að sú starfsemi var færð til Reykjavíkur var tekið að nýta húsnæðið sem fangelsi. Fréttablaðið/Stefán

Vitni færð í opið úrræði eftir breyttan framburð

Í greinargerð Annþórs Kristjáns Karlssonar í sakamáli gegn honum og Berki Birgissyni vegna andláts samfanga þeirra á Litla-Hrauni segir að föngum hafi verið boðin ívilnun fyrir vitnaframburð hjá lögreglu. Öryggisástaður réðu tilfærslu fanga sem bar vitni segir forstöðumaður Litla-Hrauns.

DÓMSMÁL „Það virðist sem framburður hafi gengið kaupum og solum inni á Litla-Hrauni,“ segir Hólmgeir Elías Flosason, verjandi Annþórs Kristjáns Karlssonar í sakamáli gegn honum og Berki Birgissyni vegna andláts samfanga þeirra á Litla-Hrauni í maí 2012. Aðalmeðferð málsins fer fram í október næstkomandi, rúmum þremur árum eftir að þeir voru ákærðir. „Ég hef fengið það staðfest að einn fangi hafi verið fluttur í opnara fangelsi eftir að hafa breytt framburði sínum. Ég veit líka að hann var með agabrot og því hefði ekki átt að koma til álita að flytja hann,“ segir Hólmgeir.

Í greinargerð ákærða, Annþórs, sem lögð fram fram við fyrirtöku málsins þann 7. september síðastliðinn kemur fram að eftir skýrslutökur hjá lögreglu hafi sú umræða vaknað að lögreglan á Selfossi hefði reynt að hafa áhrif á framburð vitna þar sem föngum hefði verið boðin ívilnun fyrir framburð sem lofað væri að yrði undir vitnaleynd. Ívilnarnir hafi verið í formi loforðs um opnari úrræði í afplánun þeirra fanga sem gáfu framburð. Þá segir að sérstakt þyki að framburður vitnanna hafi tekið breytingum ákærvaldinu í hag og að það liggi fyrir að hluti þeirra var skömmu síðar fluttur í mildara fangelsi, þrátt fyrir að slíkt hefði ekki átt að koma til skoðunar, svo sem vegna agabrota.

„Um hlýtur að vera að ræða óvenju sérstæða tilviljun,“ segir Hólmgeir. „Það kemur stundum fyrir að fangar beri vitni gegn öðrum fanga í sama fangelsi og þá er reynt að aðskilja þá á meðan af öryggisástaðum ef lögmaður fangans eða fangi sjálfur óskar eftir því,“ segir Margrét Frímannsdóttir, forstöðumaður fangelsisins á Litla-Hrauni. Fangelsismálastofnun taki

Ég hef fengið það staðfest að einn fangi hafi verið fluttur í opnara fangelsi eftir að hafa breytt framburði sínum.

Hólmgeir Elías Flosason
héraðsdómslögmaður



Það kemur stundum fyrir að fangar beri vitni gegn öðrum fanga í sama fangelsi og þá er reynt að aðskilja þá á meðan af öryggisástaðum ef lögmaður fangans eða fangi sjálfur óskar eftir því.

Margrét Frímannsdóttir
forstöðumaður á Litla-Hrauni



svo ákvörðun um tilfærslu fanga.

Hún staðfestir að vitni í málinu hafi verið fært á fangelsið að Sogni. Það hafi verið gert á þeirri forsendu að tryggja öryggi hans. „Svo fáum við eðlilega aldrei að vita hvað þeir segja í yfirheyrslu hjá lögreglu.“

Margrét segir að það sé gert í algjörum undantekningartilvikum að fangar sem bera vitni séu færðir í opið úrræði án þess að eiga rétt á því. „Það er þá gert við alveg sérstakar aðstæður, til dæmis vegna öryggis fangans eða plássleysis í öðrum fangelsum,“ segir Margrét og bætir við að aðskilnaður sé oft illmögulegur vegna plássleysis en aðstæður eigi eftir að breytast þegar fangelsið að Hólmsheiði verði opnað.

nadine@frettabladid.is

FRUMSÝNING Í HÖRPU
17. OKTÓBER 2015

MÍÐASALA Í HÖRPU OG Á TIX.IS
WWW.OPERA.IS



ÍSLENSKA ÓPERAN

Rakarinna frá Sevilla

ROSSINI

Figaro: Oddur Arnþór Jónsson Almaviva greifi: Gissur Páll Gissurarson
Rosina: Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir / Sigríður Ósk Kristjánsdóttir
Doktor Bartolo: Bjarni Thor Kristinsson / Jóhann Smári Sævarsson
Don Basilio: Kristinn Sigmundsson / Viðar Gunnarsson
Fiorello: Ágúst Ólafsson Berta: Valgerður Guðnadóttir

Leikstjóri: Ágústa Skúladóttir
Hljómsveitarstjóri: Guðmundur Óli Gunnarsson
Búningar: María Th. Ólafsdóttir
Leikmynd: Steffen Aarving
Ljósahönnun: Jóhann Bjarni Pálmason
Kór og hljómsveit Íslensku Óperunnar



VH-7 / FOCUS EXTRA clay



Leikum saman



- Eldhúsinnréttingar
- Baðinnréttingar
- Þvottahúsinnréttingar
- Fataskápar

HTH er leiðandi framleiðandi eldhússinnréttinga. Samspil fagaðrar hönnunar og einstakra gæða einkenna **HTH** innréttingarnar enda er dönsk hönnun mikils metin og danskt handverk eftirsótt um heim allan.

Hönnuðir okkar vinna með þínar hugmyndir og óskir, teikna tillögur að draumaeldhúsinu og gera þér frábært tilboð.

Pannig leikum við saman.

20% afsláttur af hágæða AEG eldhústækjum með kaupum á HTH innréttingum.

Opið mánudaga - föstudaga kl. 10-18 og á laugardögum kl. 11-15.
Alltaf opið á **Ormsson.is**



ORMSSON

Lágmúla 8 • Reykjavík • 2. hæð
símar 530 2818 / 530 2819 / 530 2820 / 530 2821

Líka fyrir rauðhærða



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

S amkvæmt fjárlögum 2016 er gert ráð fyrir allnokkurri hækkun á fjárframlögum til Þjóðkirkjunnar og verður heildarupphæðin 5.848,4 milljónir króna. Það eru miklir peningar. Peningar sem koma úr vösum skattgreiðenda alveg óháð því með hvaða fótboltaliði viðkomandi heldur, hvort hann er ljóðelskur, rauðhærður eða hvað þá hver kynhneigð viðkomandi er. Slikt væri auðvitað forkastanlegt þar sem það er öllum sem tilheyra þessari þjóð velkomið að vera innan Þjóðkirkjunnar. Þannig að Þjóðkirkjan tekur við þessum peningum af fordómaleysi og með opnum huga og nýtir þá til fjölbreyttrar og öflugar starfsemi víða um land.

Reyndar er það svo að þeir sem tilheyra Þjóðkirkjunni og taka af og til upp á að nýta sér þjónustu hennar þurfa þá að borga fyrir það sérstaklega. Borga fyrir að skíra og ferma, borga fyrir að ganga í hjónaband, borga fyrir að hætta við og skilja, að ógleymdri greiðslu fyrir það að láta syngja yfir sér svo maður komist nú í himnasaluna. Allt kostar sitt og allt fá þjónar kirkjunnar aukasporslu fyrir.

Það er þó bæði ljúft og skylt að taka fram að innan vébanda Þjóðkirkjunnar starfar fullt af góðu fólki sem vinnur oft erfið störf af ósérhlífni og með náungakærleik að leiðarljósi og það er ekki gert peninganna vegna. Þessir þjónar kirkjunnar eiga allt gott skilið.

Vegna þess að þetta fólk skilur að það er þjónar. Þjónar kirkju sem hefur þá skyldu að þjónusta söfnuði sem innihalda manneskjur sem eiga að sjálfsgöðu skýlausan rétt á þeirri þjónustu sem Þjóðkirkjan fær greitt fyrir að inna af hendi. Persónuleg trúarsannfæring viðkomandi þjóns, sem verða eiginlega að kallast persónulegir fordómar, veitir viðkomandi auðvitað ekki nokkurn rétt til þess að hafna því að vinna ákveðin verk sem meðlimur safnaðarins óskar eftir.

Barnaskólakennari sem hefur þá persónulegu sannfæringu að ekki sé rétt að kenna rauðhærðum að lesa því það leiði kannski til þess að viðkomandi gerist skáld og fyllibytta, getur ekki látið eftir sér slíka delli. Það er ekki nóg að flytja rauðhærðu börnin í annan skóla. Kennarinn þarf að finna sér eitthvað annað að gera eða reyna að komast yfir sína persónulegu fordóma.

Að prestur geri sér þá grillu að prestsstarfið lúti einhverjum öðrum lögmálum og það sé þannig í lagi að hafna því prestsverki að gefa saman tvo einstaklinga af sama kyni er á engu minni villigötum en barnaskólakennarinn sem er illa við rauðhærðu krakkana.

Þjónn sem neitar að vinna vinnuna sína þarf að finna sér aðra vinnu. Innanríkisráðherra þarf strax að taka af allan vafa með þetta og biskup má ekki láta sitt eftir liggja vilji hún vera tekin alvarlega sem leiðtogi Þjóðkirkjunnar sem þiggur milljarða árlega úr vösum safnaðar meðlima sinna. Öll umræða um samviskufrelsi presta er móðgandi og litilsvirðandi fyrir alla einstaklinga sem elska manneskju af sama kyni og reyndar líka fyrir alla þá sem standa í þeirri meiningu að Þjóðkirkjan standi öllum kristnum einstaklingum opin og til þjónustu reiðubúin. Líka fyrir rauðhærða.



Að prestur geri sér þá grillu að prestsstarfið lúti einhverjum öðrum lögmálum og það sé þannig í lagi að hafna því prestsverki að gefa saman tvo einstaklinga af sama kyni er á engu minni villigötum en barnaskólakennarinn sem er illa við rauðhærðu krakkana.

Halldór



Frá degi til dags

SDG lofar SDG

Þó að Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sé duglegur við að lofa eigin verk er hér um að ræða góða lof-ræðu hans um sjálfbær þróunarmarkmið Sameinuðu þjóðanna (Sustainable development goals). Ánægjulegt er að Sigmundur skuli hafa lagt mikla áherslu á umhverfismál í ræðu sinni. Þar sagði Sigmundur að stefnt væri á að draga úr gróðurhúsalofttegundum um 40 prósent. Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, fagnaði ræðu Sigmundar og sagði að hún væri afdráttarlausari en fyrri yfirlýsingar. Þó hefur nokkuð verið dregið í land með þetta en Sigmundur átti þar við að Ísland tæki þátt í sameiginlegu markmiði Evrópusambandsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40 prósent. Enn á eftir að semja um hlut Íslands.

En hvað með oliuna?

Þó er það jákvætt að forsætisráðherra skuli leggja áherslu á þennan málaflokk og gaman verður að sjá hve metnaðarfull markmið stjórnvalda verða. Spurning er hvort að markmiðin muni setja mark sitt á stefnu ríkisstjórnarinnar en hugsanlega þarf að endurskoða eftirfarandi klausu úr stjórnsáttmálanum: „Ríkisstjórnin mun eins og kostur er stuðla að því að nýting hugsanlegra oliu- og gasauðlinda geti hafist sem fyrst, finnist þær í vinnanlegu magni.“ stefanraf@frettabladid.is

Nýsköpun – fagmennska – iðnmenntun



Ari Trausti Guðmundsson
ríthöfundur og jarðvísindamaður

Engum dylst að nýsköpun, sem nýtur aukins ríkisstuðnings, hefur verið og er einn af leiðarvísunum við endurreisn samfélagsins eftir 2008. Stór hluti nýsköpunar snýst um tæki og tól.

Skoði menn vél frá Marel, gólf úr umhverfisvænstu steypu heims (Ecocrete) eða tækjasamstæðu úr stáli í Helliðarvirkjun, sem minnir á litla geimstöð, má spyrja: Hver leggur, hver smíðar? Og áfram: Hverjir leggja íslenskan rafbúnað, í nýtt, erlent iðjuver? Hverjir fá verðlaun í erlendri samkeppni um matarrétti og hárgreiðslu – eða hljóta verðlaun fyrir prentgripi unna á Íslandi? Það eru íslenskir iðnaðarmenn. Sú fagmennska sem einkennir 30-40 iðngreinar hefur orðið til og þróast allt frá því danskir, þýskir og íslenskir iðnaðarmenn komu á nútíma vinnubrögðum við þær flestar.

Fagmennska innifelur margt: Endingargóða vöru, trausta þjónustu, sanngjart verð, öryggi og ábyrgð vegna löggildingar iðngreina og loks færslu á þekkingu og vinnubrögðum frá einni kynslóð til annarrar. Tækni getur gert að verjum að mörk milli greina hverfa að hluta og ófaglært fólk freistast til að vinna fyrir greiðslu við ýmislegt sem áður var of flókið. Hitt verður þá að muna: Samfélagið á skilið að sem mest fagmennska standi undir þjónustu, smíðum, viðgerðum og öðru því sem greiða þarf fyrir og gerir lífið léttara og betra. Hvað þá með iðnmenntunina sem mikið er í tisku að hvetja til og óska eftir? Hún hlýtur að eiga að endurspeglar kröfur um fyrsta flokks iðnaðarmenn - konur og karla.

Nú er stefnt hröðum og hljóðum skrefum að því að einkavæða iðnnám að stórum hluta, styttu námið, minnka starfsþjálfun, snarfækka löggiltum greinum, semja námskrár á skrifstofum, grafa undan slípuðu meistarakerfi með því að hætta samfelldri handleiðslu og koma ábyrgð á nemum á herðar fyrirtækja og skóla. Þarna er víða rangt að farið. Það verður að kynna stöðu iðnmenntunar og fyrirhugaðar breytingar á henni, efna til umræðu á mörgum stöðum, að Alþingi meðtöldu, og sjá til þess að góð stada iðna á Íslandi breytist ekki í afturför.



Stór hluti nýsköpunar snýst um tæki og tól.

Í REYKJAVÍK VEGNA FJÖLDA ÁSKORANNA!

RÚNAR 70 JÚL

SVEITAPILTSINS DRAUMUR

HÁSKÓLABÍÓ

31. OKTÓBER

EYÞÓR INGI · MAGNI · VALDIMAR · SALKÁ SÓL
ÁSAMT SÉRVALINNI ROKKSVEIT
UNDIR STJÓRN JÓNS ÓLAFSSONAR

GUÐ

MIDASALA ER HAFIN Á TIX.IS

Í DAG

Sem sagt: Gott



Guðmundur
Andri Thorsson
rithöfundur

Þegar ég var sjö ára orti ég mitt fyrsta og eina ljóð. Það fjallaði um afa minn og nafna og gönguferðir okkar um Þingholtin. Ég man fátt úr þessu ljóði annað en að hann sé að ganga um og leiða mig, góði maðurinn. Sá sem læsi þetta ljóð nú í ríkjandi umræðu-stemningu kynni að halda að ég væri þarna að veitast að honum, átella hann: góði maðurinn! Ekki gat litla skáldið órað fyrir því að öllum þessum áratugum síðar yrði það útbreidd skammarglósá að tala um „góða fólkið“.

Þessi glósa hefur smám saman orðið meira áberandi í málflutningi sumra og í síðustu viku varð borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins það á að segja við fulltrúa meirihlutans í Reykjavík, að þeir vildu banna viðskipti við Ísrael í krafti þess að þeir væru „góða fólkið“, og að einn góðan veðurdag kæmust kannski nasistar til valda og færu að banna viðskipti við Ísrael, en borgarfulltrúar meirihlutans í Reykjavík teldu sig hins vegar ekki vera neina nasista því að þeir væru „góða fólkið“.

Eða þannig. Svona getur farið fyrir vænsta fólki þegar það reynir að réttlæta ranglæti. Það er vanda-

samt að halda uppi vörnum fyrir óréttlætið sem innbyggt er í Ísraelsriki eins og dæmin sönnuðu í síðustu viku. Sem sagt: Góða fólkið. Það er kannski orðið tímabært að velta fyrir sér þessu einkennilega hugtaki sem verður æ meira áberandi í þjóðfélagsmæðunni.

Umskiptingar

Þegar talað er um „góða fólkið“ á Írlandi er átt við huldufólk og álfa af því tagi sem Íslendingar trúa á – þetta er sama trúin, til okkar komin frá írsku þrælaþjóðinni sem við Íslendingar erum komin af. Reyndar er gæska huldufólksins á Írlandi málum blandin – rétt eins og í íslenskum þjóðsögum – það hyllir til sín menn og ærir þá í stöðugum glaumi, rænir börnum og setur umskiptinga í staðinn. Í þessari nafngift er virðing og ótti – það örlar á löngun til að styggja ekki huldufólkið, sem gæti fylgst með því hvernig við tölum um það.

Í glósunni sem við heyrum í íslenskrum dægurumæðum nútímans er hins vegar bara andúð á góðvildinni. Hugtakið er smátt og smátt farið að nota sem háðsglósu um fólk sem langar að láta gott af sér leiða. Góður, ha ha ha. Manni finnst stundum eins og stjórn-málaumræðan hafi verið yfirtekin af umskiptingum.

Upphaflega er þetta hugsað sem öfugmæli til að lýsa hrænsni og yfirdrepsskap – inn í frasann er byggt ósagt „eða hitt þó heldur“. Orðin lýstu þeim sem þykjast yfir aðra hafin í krafti eigin meintra dyggða og flekkleysis. Þau voru notuð um

fólk sem gaf sig út fyrir að sýna gæsku og auðmýkt en stundaði hvorugt í raun og veru – heldur hreykti sér á kostnað annarra, dæmdi aðra fyrir syndir og yfirsjónir sem það gerði sig sekt um sjálft á laun. Þetta er úti um allt í dæmisögum Krists: viðskiptavinir „bersyndugu“ konunnar sem ætla að grýta hana þar til hann stöðvar þá með orðunum um að sá yðar sem syndlaus sé kasti fyrsta steininum; fariseinn sem þykist betri en tollheimtumaðurinn; iðju-sami bróðirinn sem sér ofsönnum yfir gleði föðurins yfir glataða syninum.

Þannig vakti hugtakið „góða fólkið“ lengi hugrenningartengsl um hrænsni og yfirdrepsskap. En þetta hefur verið að breytast að undanfögnu. Allt í einu hurfu gæsalappirnar. Hið ósagða „eða hitt þó heldur“ var allt í einu ekki þarna lengur. Maður á víst ekkert að vera góður.

„Flátt er fagurt, fagurt ljótt ...“

Þetta snýst allt um orð og yfirráð í tungumálinu. Þegar fólk er farið að nota orðið „góður“ markvisst og ævinlega í neikvæðri merkingu er full ástæða til að vera á varðbergi. Við létum það óáreið þegar markaðshyggjumenn tóku orðið „frelsi“ og létu það tákna leyfi til forréttinda og ránskapar. Nú sækja svipuð öfl að orðinu „góður“ og vilja reyna að láta fólk skammast sín fyrir kenndir á borð við samliðan, réttlætiskennnd, samkennd og hjálpfýsi. Frasin „pólitísk rétt hugsun“ er af sama toga; reynt



Á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur í síðustu viku þegar dregin var til baka tillaga um viðskiptabann á vörur frá hernámssvæðum Ísraels. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Hugtakið er smátt og smátt farið að nota sem háðsglósu um fólk sem langar að láta gott af sér leiða. Góður, ha ha ha.

er að telja okkur trú um að réttisýni sé röng; ranglætið sé eftirsóknarverðara en réttlætið – ranghugsun sé æskilegri. Þetta er umskiptinga-pólitík.

Við megum ekki leyfa fólk að haldast uppi að gera það sífellt tortryggilegt að vilja láta gott af sér leiða. Það er æskilegt að hjálpa

öðrum en óæskilegt að láta sér neyð annarra í léttu rúmi liggja. Það er ekki fyrirliðlegt að vorkenna fólk sem lent hefur í vandræðum eða reyna að rétta því hjálparhönd. Það er ekki hlálegt að mótmæla misrétti og kúgun. Það er ekki rangt að leita hins rétta. Gott og illt takast á í sérhverri manneskju, á öllum tímum, og það getur verið misjafnt hvað við teljum gott og hvað illt í síðum og framgöngu hverju sinni, sífellt rísa álitamál um klæðaburð, kynhegðun, eignarétt og guð. En sumt er í öllum mannfélögum hafid yfir dagurþras, síði og venjur: samliðan, hjálpssemi, frelsi, góðvild. Leyfum ekki talsmönnum ranglætisins að gera skammaryrði úr því góða.

Allt fyrir sportið!

RÆKTAÐU LÍKAMANN MEÐ STÆL

Flott úrval af æfinga-/hlaupafatnaði og fylgihlutum á frábæru verði!



7.490

PROTOUCH RUNTASTIC
Hlaupajakki úr DRY PLUS efni með góðri öndun. Litir: Grár, gulur. Herrastærðir.



6.490

PROTOUCH FLEE
Þykkur hálfrenndur hlaupabólur. Litir: Grár, gulur. Herrastærðir.



6.490

PROTOUCH FROST
Hlaupabuxur úr DRY PLUS efni með góðu endurskini. Litur: Svartar. Herrastærðir.



7.490

PROTOUCH RUNTASTIC
Hlaupajakki úr DRY PLUS efni með góðri öndun. Litir: Grár, bleikur. Dömustærðir.



4.990

PROTOUCH CRUISE
Hlaupabólur úr DRY PLUS efni með góðri öndun. Litir: Grár, bleikur. Dömustærðir.



7.990

PROTOUCH FLEE
Þykkur hlaupabuxur úr DRY PLUS efni. Litur: Svartar. Dömustærðir.

INTERSPORT AKUREYRI / Sími 460 4891 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

INTERSPORT BÍLDHÖFÐA / Sími 585 7220 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 11 - 17. SUN. 13 - 17.

INTERSPORT SELFOSSI / Sími 480 4611 / OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10 - 18. LAU. 10 - 16.

SPORT TO THE PEOPLE

INTERSPORT®



Í sjöunda himni

FH varð um helgina Íslandsmeistari í sjöunda sinn í sögu félagsins. Heimir Guðjónsson hefur tekið þátt í að vinna alla sjö meistaratitlana í þremur ólíkum hlutverkum.

FÓTBOLTI. „Mig óraði ekki fyrir þessu, ég held að engan hafi órað fyrir þessu,“ sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, skömmu eftir að Íslandsbikarinn fór á loft, aðspurður hvort hann hafi dreymt um þetta þegar hann gekk í raðir FH, sem var þá í 1. deild, árið 2000.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar síðan þá, en nú, fimmtán árum síðar, er FH sjö Íslandsmeistaratitlum

ríkari. Þeir hafa allir unnist á síðustu tólf árum en FH hefur ekki endað neðar en í 2. sæti síðan 2003.

„FH er frábært félag og hefur gert margt fyrir mig og ég vona að ég hafi gefið því eitthvað á móti,“ sagði Heimir enn fremur eftir leik. Fáir mótmæla því að hann hafi átt stærstan þátt í þessum ótrúlega uppgangi Fimleikafélagsins á þessari öld.

Heimir lyfti tveimur fyrstu Íslandsbikurinum sem FH hlaut sem fyrirlíði liðsins. Eftir að hann lagði skóna á hilluna 2005 lærði hann handtökin í þjálfun hjá Ólafi Jóhannessyni áður en hann tók sjálfur við liðinu 2007. Sem aðalþjálfari hefur Heimir skilað fjórum Íslandsmeistaratitlum í hús en enginn þjálfari hefur unnið fleiri meistaratitla síðan keppni í tíu liða deild hófst árið 1977. - **ips**

Nýjast

Pepsi-deild karla

FH - Fjölnir 2-1

1-0 Atli Guðnason (51.), 1-1 Kennie Chopart (69.), 2-1 Emil Pálsson (79.). Emil Pálsson tryggði FH titilinn þegar hann skoraði sigurmarkið gegn sínum gömlu félögum.

Breiðablik - ÍBV 1-0

1-0 Atli Sigurjónsson (51.). Blikar geirnegldu annað sætið og héldu hreinu í ellefta sinn í sumari.

Leiknir - KR 0-2

0-1 Óskar Örn Hauksson (56.), 0-2 Gary Martin (62.). KR-ingar sendu Leikni niður í 1. deild eftir árs veru í deild þeirra bestu.

Víkingur - Fylkir 0-0

Hermann Hreiðarsson lét reka sig út af í annað sinn á tímabilinu.

ÍA - Valur 1-0

1-0 Arnar Már Guðjónsson (27.). Arnar Már tryggði ÍA sigurinn með ótrúlegu marki frá miðju.

Stjarnan - Keflavík 7-0

1-0 Guðjón Baldvinsson (5.), 2-0 Guðjón (15.), 3-0 Halldór Orrri Björnsson (18.), 4-0 Guðjón (54.), 5-0 Þórhallur Kári Knútsson (56.), 6-0 Jeppe Hansen (85.), 7-0 Heiðar Ægisson (90.) Garðbæingar unnu sinn þriðja leik í röð þegar þeir niðurlægðu fallna Keflvíkinga.

Efri hluti	Neðri hluti
FH 48	Fylkir 26
Breiðablik 43	Víkingur 23
KR 39	ÍBV 19
Valur 33	Leiknir 15
Fjölnir 33	Keflavík 7

🎵 **Söngvarinn í Diktu læknir liðsins, @jonjonssonmusic bakvörður og @FridrikDor vallarþulur. Liðspartýin geta ekki klikkað.**

Guðmundur Steinarsson
@gummisteinars

Ólis-deild karla

FH - Akureyri 28-27

Markahæstir: Einar Rafn Eiddsson 8/1, Daniel Matthíasson 5 - Hörður Másson 7, Halldór Árnason 4, Bergvin Þór Gíslason 4

Ólis-deild kvenna

Fram - Haukar 21-21

Markahæstar: Ragnheiður Júlíusdóttir 9 - Ramune Pekarskyte 9

ÍR - ÍBV 28-32

Markahæstar: Brynhildur Kjartansdóttir 11 - Vera Lopes 10

Fjölnir - Selfoss 26-41

Markahæstar: Berglind Benediktsdóttir 7, Andrea Jacobsen 7 - Perla Ruth Albertsdóttir 9

KA/Þór - Fylkir 19-20

Markahæstar: Birta Fönn Sveinsdóttir 6 - Ólöf Kristín Þorsteinsdóttir 6

Afturelding - HK 16-23

Markahæstar: Hekla Daðadóttir 6 - Emma Havin Sardarsdóttir 7

Um helgina

19.00 West Brom - Everton Sport 2
21.00 Messan Sport 2

18.30 ÍBV - ÍR Vestmannaeyjar
19.30 Haukar - Fram Schenkerhöll
19.30 Valur - Gróttá Vodafone höll
19.30 Víkingur - Afturelding Vikin

Sigurvegari í ólíkum hlutverkum



SÁ FYRSTI OG SÁ SÆTASTI 2004

Fyrirlíði
FH brýtur ísinn með því að vinna fyrsta meistaratitilinn. Heimir lyftir Íslandsbikarinum eftir sigur á KA í grenjandi rigningu fyrir norðan.



HÆTTIR Á TOPPNUM 2005

Fyrirlíði
FH hefur gríðarlega yfirburði og vinnur 16 af 18 leikjum sínum í Landsbankadeildinni. Heimir leggur skóna á hilluna að tímabilinu loknu.



LÆRIR HANDTÖKIN 2006

Aðstoðarþjálfari
Heimir gerist aðstoðarþjálfari Ólafs Jóhannessonar og FH vinnur Íslandsmeistaratitilinn þriðja árið í röð.



TITILL Í FYRSTU TILRAUN 2008

Aðalþjálfari
Heimir tekur við FH af Ólafi og gerir liðið að meisturum á sínu fyrsta tímabili eftir ótrúlegan endasprett og titilbaráttu við Keflavík.



FULLKOMIN TITILVÖRN 2009

Aðalþjálfari
FH vinnur titilinn annað árið í röð og í fjórða sinn á fimm árum. Hafnfirðingar hafa mikla yfirburði á mótinu og vinna t.a.m. tíu leiki í röð.



ENDURKOMAN 2012

Aðalþjálfari
Eftir tvö ár í 2. sæti endurheimta FH-ingar titilinn með stæl. FH skorar flest mörk allra og vinnur Pepsi-deildina með 13 stigum.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



GÖMUL SKEMMA VERÐUR GRÓÐURHÚS

Hjónin Helga Björg og Jóhannes Már fluttu frá Svíþjóð á bæinn Hesjuvelli. Nú vinna þau að því að breyta gamalli skemmu í gróðurhús.



Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurða-opnunarbúnað ásamt uppsetningu og viðhaldi

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.

JÄRN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvegur 1h.
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
S: 58 58 900-
www.jarngler.is



GÓÐ RÁÐ Guðríður Helgadóttir, forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar Landbúnaðarháskóla Íslands og garðyrkjufræðingur, gefur góð ráð um garðverkin. MYND/VILHELM

EKKI KLIPPA TRÉ OG RUNNA Á HAUSTIN

HAUSTVERKIN Á haustin eru ýmis árstíðabundin garðverk sem þarf að vinna. Garðyrkjufræðingurinn Guðríður Helgadóttir leiðir lesendur í allan sannleika um hvað skal gera og hvað skal ekki gera í garðinum.

Guðríður Helgadóttir, forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar Landbúnaðarháskóla Íslands og garðyrkjufræðingur, segir haustið alls ekki vera góðan tíma til að klippa tré. „Haustið er tími þar sem trjágróður er að ganga frá sér fyrir veturinn þannig að núna er ekki góður tími til að klippa tré. Allar plöntur geyma núna þann forða sem þær náðu sér í í sumar í rötarkerfinu, sprotum og stönglum

þannig að ef þær eru klipptar núna þá minnkar vetrarforðinn þeirra. Auk þess er mikið af sveppagróm og öðru slíku á ferð á þessum tíma og trjánum því hættara við sýkingum núna ef verið er að opna sár á þeim. Þess vegna er betra að klippa frekar á vorin þegar sveppirnir liggja í dvala og sárin standa opin í styttri tíma.“

Hún segir það algengt að fólk geri þessi mistök, klippi trén á haustin. „Auðvitað hafa margir

TUDOR RAFGEYMAR

Veldu öruggt start með nýjum TUDOR



TUDOR **SKORRI** **TUDOR**
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bildshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is


SVEFNSÓFAR - SEM BREYTAST Í RÚM Á AUGABRAGÐI -



TRYM SVEFNSÓFI
EXTRA ÞYKK OG GÓÐ SPRINGDÝNA 140x200
LITIR: SAND Kr. 198.900



SLY SVEFNSÓFI
GÓÐ SPRINGDÝNA 140x200
LITIR: GRÁYRJÓTTUR Kr. 139.900



UNFURL SVEFNSÓFI
GÓÐ SPRINGDÝNA 120x200
LITIR: GULUR / LJÓSGRÁR / SVARTUR Kr. 109.900

LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS - OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 11 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16

natures aid

Trim-It

Þyngdarstjórnun

Frábær blanda sem styður starfsemi skjaldkirtilsins!

Nýtt

Gengur þér illa að léttast!

120 SOFTGELS

Fast í öllum verslunum Hagkaupa



AÐ MÖRGU ER AÐ HUGA Uppspera er stærsta verk haustsins en að mörgu öðru þarf líka að huga.

NORDICPHOTOS/GETTY

Fararstjórn erlendis

Meðal námsefnis:

- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.

Ferðalandafræði: Evrópa, Asia, Africa, Amerika og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

Leiðbeinendur eru: Halla Birgisdóttir fararstjóri, Pétur Björnsson konsúll Ítalíu á Íslandi, Jónas Þór fararstjóri, Höskuldur Frimannsson viðskiptafræðingur, Ómar Valdimarsson blaðamaður, Magnús Björnsson fararstjóri í Kína, Pétur Óli Pétursson fararstjóri í Rússlandi, Bjarni Randver Sigurvinsson kennari við Guðfræðideild H.Í., Sr. Bragi Skúlaon sjúkrahúsprestur.

Ferðamálastólur Íslands

Ferðamálastólur Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

gert það án þess að trén beri skaða af. Það er bara verið að bjóða hættunni heim með því að klippa þau því þannig eru meiri líkur á að þau sýkist. Varnarkerfi plöntunnar er ekki mjög virkt þegar hún liggur í dvala.“

GRASFLÖTIN OG ARFINN

Mörg eru haustverkin í garðinum þótt trjáklippingar séu ekki eitt þeirra. Guðríður segir oft vera töluverðan vöxt í grasi seinni hluta sumars og fram á haust. Það sé allt í góðu að slá eina umferð yfir það fljótlega. „Ef fólk vill að flötin líti vel út fram á haustið og ætlar að slá þá ætti það ekki að slá grasið jafn mikið niður og gert er á sumrin. Það ætti að hafa svolítið borð fyrir báru í því, því þá eru plönturnar betur í stakk búnar til að takast á við veturinn.“

Gott er að hreinsa allt illgresi úr garðinum fyrir veturinn, þannig verða vorverkin auðveldari. „Illgresið vill gleymast eftir sumarið, fólk fer í haustfasann og hættir að spá í arfanum sem er samt að vaxa langt fram eftir hausti. Það sem gerist er að þær plöntur sem eru að vaxa núna ná að fella alveg gífurlega mikið af fræi sem gerir enn meiri vinnu næsta vor því þá er kominn mikill fræbanki í jarðveginn. Með því að fara út í garð og hreinsa arfann núna er því verið að spara sér mikla vinnu að vori,“ segir Guðríður.

FJÖLÆRAR PLÖNTUR OG LAUKAR

Fjölærar plöntur hugsa aðallega um sig sjálfar yfir veturinn vegna þess að stöngull þeirra fellur niður. „Sumar fjölærar plöntur sá sér mikið og þá getur verið sniðugt að klippa blómstönglana af og fjarlægja úr garðinum svo maður sitji ekki uppi með þessa tilteknu fjölæru plöntu út um allt næsta sumar. Það er líka sniðugt að taka þær plöntur sem garðeigendum finnast of stórar og skipta þeim í tvo eða þrjá parta. Gróðursetja svo einn partinn á sinn stað aftur og hinum má annaðhvort henda eða gefa ættingjum.“

Margir eru vanir því að setja niður lauka að hausti sem blómstra að vori. Guðríður segir gott að setja þá niður um leið og þeir birtast í búðum. „Það skiptir ekki máli með sumar tegundir þó að dragist að setja þær niður, til dæmis túlípana. Það er um að gera að búa sér til litríkt vor með því að setja niður sem mest af laukum. Þá er hægt að setja í beð innan um runna og trjáplöntur og falletg að sjá laukana blómstra innan um tré og runna áður en þeir laufgast. Suma lauka er hægt að setja niður í grasflatir, eins



og páskaliljur og krókusa. Þá er best að nota plöntustaf til þess eða rista torfið ofan af og gróðursetja laukana ofan í. Einnig er sniðugt að setja lauka í ker og potta og geyma á skjólgóðum stað yfir veturinn, þá blómstra þeir á vorin. Þegar sú leið er farin er aðalreglan þegar verið er að raða laukunum í ker að setja stærstu laukana neðst og minni laukana ofar. Þá þarf að passa að grafa ekki of þétt þannig að litlu laukarnir ýtist út úr kerinu þegar þeir stóru fara að vaxa. Gott frárennsli þarf að vera í kerinu, það er allt í lagi þó að það sé þurr á laukunum yfir veturinn en það þarf að vökva þá þegar fer að vora,“ útskýrir Guðríður.

Guðríður segir einnig að ekki megi gleyma að minnast á augljósasta haustverkið, uppskeruna. „Nú er tími til að taka upp kál, grænmeti og kartöflur sem er auðvitað stærsta verkefni haustsins. Það eru enn þá ber á fullt af runnum, reyniber eru til dæmis farin að þroskast núna og það getur verið skemmtilegt að sulna úr þeim.“

■ liljabjork@365.is

EKKI KLIPPA NÚNA

Haustið er tími þar sem trjágróður er að ganga frá sér fyrir veturinn þannig að þá er ekki góður tími til að klippa tré. Allar plöntur geyma núna þann forða sem þær náðu sér í í sumar í rötarkerfinu, sprotum og stönglum þannig að ef þær eru klipptar núna þá minnkar vetrarforðinn þeirra.

ERTU BÚKTALARI?

Áheyrnarprufum er lokið en hægt verður að senda inn myndbönd til **30. september**. Smelltu þér inn á **www.stod2.is/talent**

Granít Steinar

Gegnheil
gæði

Mikið úrval legsteina og fylgihluta
Á GÓÐU VERÐI



Fullbúinn og frágenginn
verð aðeins kr: 309.900




Fullbúinn og frágenginn
verð aðeins kr: 239.900



Fullbúinn og frágenginn
verð aðeins kr: 299.900



Fullbúinn og frágenginn
verð aðeins kr: 319.900



Fullbúinn og frágenginn
verð aðeins kr: 159.900



Fullbúinn og frágenginn
verð aðeins kr: 119.900



Granítsteinar.is - Helluhrauni 2 - Hafnafjörður - S: 544-5100

* Aukahlutir á mynd fylgja ekki



SOFÐU RÓTT Í ALLA NÓTT

Inniheldur aðeins náttúrulegar jurtir td. Sítrónu Melissu og Chamomillu ásamt blöndu B vítamína og magnesíum.



GRÓÐURHÚS Í FÆÐINGU „Flestum þótti skynsamlegast að rífa þessa litlu skemmu en ég var ekki sammála því,“ segir Helga Björg, sem hér er fyrir miðri mynd ásamt hluta vinnuhópsins sem telur m.a. eiginmann, föður, dóttur og tengdason. MYNDIR/JÓN EINAR JÓHANSSON

FRJÓTT SAMSTARF SMIÐS OG HÖNNUÐAR

ENDURBÆTUR *Norðan heiða er verið að breyta gamalli skemmu í gróðurhús. Stefnt er á heilsársræktun til eigin nota.*

Eftir fimmtán ára búsetu á Reykjavíkursvæðinu og í Svíþjóð ákváðu hjónin Helga Björg Jónasardóttir og Jóhannes Már Jóhannesson að láta gamlan draum rætast; að búa í sveit. Þau festu kaup á Hesjuvöllum, sem er lögbýli í Hlíðarfjalli fyrir ofan Akureyri, og eru frístundabændur þar með landnámsþætur, endur, hesta, hunda og ketti.

Næsta verkefni þeirra hjóna er að breyta gamalli skemmu í gróðurhús en vinnan hófst í fyrrahaust. „Flestum þótti skynsamlegast að rífa þessa litlu skemmu en ég var ekki sammála því. Með því að taka bárujárnnið af þakinu og setja báruplast í staðinn sá ég möguleika á því að nýta hana sem gróðurhús. Ég hef mikinn áhuga á matjurtarækt og sjálfbærum lífsstíl. Planið er að nota gróðurhúsið í forræktun á matjurtum og til að rækta tómata, jarðarber og fleira gott.“

Síðan hjónin fluttu á býlið fyrir tveimur árum hafa þau hægt og rólega verið að byggja upp og finna leiðir til að nýta þær byggingar sem eru á býlinu. „Fyrsta verkið var að breyta nautgripahúsi í hesthús og svo notum við gamlan skúr fyrir hænur og endur. Gróðurhúsið er næst á dagskrá og planið er svo að taka fjósið í gegn næsta sumar og breyta því í vinnustofu,“ segir Helga Björg en hún er vöruhönnuður, myndlistarmaður og kennari við Listnámsbraut Verkmenntaskólans á Akureyri.

ALLIR NJÓTA ÁVAXTANNA

„Nýlega löguðum við þakið með góðri hjálp fjölskyldumeðlima. Við létum leggja hitaveiturör í

sumar frá íbúðarhúsinu í skemmuna og stefnum að því að nýta affallið af ofnunum til að halda hita í gróðurhúsinu í mestu kulduunum. Næsta skref var að endurbyggja stafnana, við erum langt komin með neðri stafninn og líklega látum við framkvæmdir við efri stafninn bíða næsta vors. Það hindrar samt ekki að gróðurhúsið nýtist til að forrækta plöntur í vor fyrir matjurtagarðinn næsta sumar.“

Endurhönnun smiðjunnar er samstarfsverkefni Helgu Bjargar og föður hennar, Jónasar Sigurjónssonar húsgagnasmíðameistara. „Við höfum reynt að nýta efni sem við eigum, meðal annars glugga sem voru smíðaðir í röngum stærðum í viðbyggingu við gamla húsið okkar fyrir sunnan. Hönnunin fer eiginlega fram jafnóðum í góðu samstarfi okkar feðgina. Það hentar vel þegar smiður og hönnuður vinna saman.“

Þótt gróðurhúsið verði formlega tilbúið næsta sumar er ræktunin á bænum hafin. „Ég ræktaði jarðarber, kryddjurtir, salat og gulrætur inni í gróðurhúsinu í sumar þótt það héldi hvorki vatni né vindum. Ræktunin hjá okkur er í smáum stíl, til eigin nota og fyrir fjölskylduna. Þar sem uppbyggingin er samvinnuverkefni fjölskyldunnar er sanngjarn að allir njóti ávaxtanna af ræktuninni saman. Næsta vor verður gróðurhúsið notað til að forrækta matjurtir í garðinn og vonandi náum við heilsársræktun í gróðurhúsinu í framtíðinni.“

■ starri@365.is



VINNA FRAM UNÐAN

Í upphafi minnti skemman á flest annað en gróðurhús.



ALLT AÐ KOMA

Gróðurhúsið fær smátt og smátt á sig endanlega mynd.



GULL BYLGJAN



heimili
fasteignasala
- á traustum grunni



Bogi Pétursson
lögg.fasteignasali



Finnbogi Hilmarsson
lögg. fasteignasali



Guðbjörg G. Blöndal
lögg. fasteignasali



Erla Dröfn Magnúsdóttir
Lögfræðingur



Stefán Már Stefánsson
Lögg. fasteignasali



Brynjólfur Snorrason
Lögg. fasteignasali



Gunnlaugur A. Björnsson
Lögg. fasteignasali



Ásdís Írena Sigurðardóttir
Lögg. fasteignasali



Finndu okkur á Facebook

530 6500

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | www.heimili.is

530 6500

Allir þurfa þak yfir höfuðið

588 4477

Þú hringir - við komum - það ber árangur!



Bárður Tryggvason
Eigandi
Sölufulltrúi
896 5221



Ingólfur Geir Gissurason
Eigandi
Framkvæmdastjóri
896 5222



Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri
Löggiltur
fasteignasali B.Sc
693 3356



Erlendur Davíðsson
Lögg. fasteignasali
Forstöðumaður
útíbús Ólafsvík
897 0199



Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477



Heimir Bergmann
Sölufulltrúi
630 9000



Pétur Steinar Jóhannsson
Sölufulltrúi
Snæfellsnes
893 4718



G. Andri Guðlaugsson
Löggiltur
Sölufulltrúi
662 2705



Kristján S. Bjarnason
Lögg.
fasteignasali
611 4870



Sturla Pétursson
Lögg.
fasteignasali
899 9083



VALHÖLL
FASTEIGNASALA



VALHÖLL
FASTEIGNASALA
1995 - 2015

www.valholl.is · www.nybyggingar.is

Glæsileg íbúð í Skippholti

Landmark fasteignasala hefur til sölu glæsilega og algjörlega endurnýjaða 3ja herbergja íbúð í Skippholti 50A.

Reykt eik og steypar borðplötur eru ráðandi í íbúðinni sem er á annarri hæð í fjögurra íbúða stigahúsi.

Íbúð er 132,6 fm auk 29,6 fm bílskúrs, heildarfermetrar eru því 162,2 fm.

Berglind Berndsen innanhúsarkitekt og Leifur Welding konsepthönnuður sáu um innanhúshönnun íbúðarinnar.

Íbúð skiptist í forstofu/hol, tvö svefnherbergi, baðherbergi, stofu/borðstofu, eldhús, geymslu, þvottahús og bílskúr. Sameiginleg hjólageymsla er á jarðhæð.

Skemmtilegur arkitektúr er á húsinu og er miklu búið að kosta til. Meðal annars er ný hellulögn með hita, gluggar/tréverk hafa verið máluð ásamt þaki. Húsið hefur verið silanborið og hjólageymslan er ný.



Íbúðin er öll hin glæsilegasta.

Upplýsingar og bókun á skoðunartíma á íbúð veita:
Sveinn Eyland lögg.fasteignasali
gsm: 690-0820 eða *sveinn@landmark.is*
Magnús Einarsson lögg.fasteignasali
gsm: 897-8266 eða *magnus@landmark.is*



Reykt eik og steypar borðplötur eru ráðandi.

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is



KJARNNA - PVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Litlikriki 70 - 270 Mosfellsbær



Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00.

Einnig verður hægt að skoða fullbúna samskonar eign við Litlakrika 72.

Nýtt og glæsilegt 212,5 m² radhús á tveimur hæðum á góðum stað efst í hlíðum Krikahverfis í Mosfellsbæ. Húsið verður tilbúið til afhendingar 15.01.2016 fullbúið án gólfefna, þó eru baðherbergi á báðum hæðum og þvottahús flísalögð. Frábær staðsetning. Gott skipulag. Þrjú mjög rúmgóð svefnherbergi. Tvö baðherbergi. Mikil lofthæð er á efri hæð og falllegt útsýni. Hellulagt bílaplan með hitalögn og timburverönd og náttúrulegum gróðri í suður. **V. 54,5 m.**

Skeljatangi 9 - 270 Mosfellsbær



Opið hús í dag mán. frá kl. 17:30 til 18:00.

Falleg 94,2 m², 4ra herbergja íbúð með sérinngangi á 2. hæð í fjórþýlishúsi. Íbúðin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús/geymslu, eldhús og stofu. Við hlið inngangs er köld útigeymsla. Íbúðin er öll nýmáluð að innan. Vinsæll staður rétt við skóla, leikskóla, sundlaug og líkamsrækt. **V. 29,9 m.**

Tröllateigur 33 - 270 Mosfellsbær



Mjög falllegt 165,5 m² endarahús á tveimur hæðum. Stór lóð og falllegur garður með timburverönd í suðvestur, hellulagt bílaplan. Björt og fallleg eign sem skiptist í þrjú rúmgóð svefnherbergi, sjónvarpsherbergi, fataherbergi, tvö baðherbergi, þvottahús og bjart, opið rými sem samanstendur af eldhúsi, borðstofu og stofu. Flísalagður bílskúr. **V. 47,9 m.**

Bergúnargata 5 - 270 Mos.



Hringdu og bókaðu skoðun

Tvær íbúðir í þrjúþýlishúsi við Bergúnargötu 5 í Mosfellsbæ. 266,9 m² íbúð sem er búið að breyta í tvær íbúðir. Aðkoma í íbúð á efri hæð hússins að austanverðu en að vestanverðu er gengið inn á jarðhæðina. Eignin er ekki fullbúin en að mestu íbúðarhæf. **V. 44,9 m.**

Fróðengi 6 - 112 Reykjavík



Hringdu og bókaðu skoðun

75,3 m², 2-3ja herbergja íbúð á jarðhæð við Fróðengi 6 í Grafarvogi. Íbúðin var upphaflega 2ja herbergja en búið er að búa til herbergi úr borðstofu. Íbúðin skiptist í tvö herbergi, forstofu, baðherbergigeymslu/þvottahús, eldhús og stofu. Timburverönd í suðvestur. **V. 26,7 m.**

Barðastaðir 7- 112 Reykjavík



Hringdu og bókaðu skoðun

Falleg og rúmgóð 108,8 m², 3ja herbergja íbúð á annarri hæð í lyftuhúsi. Íbúð 203 **V. 33,9 m**

Prastarhöfði 61 - 270 Mosfellsbær



Hringdu og bókaðu skoðun

Nýtt og glæsilegt 262,2 m² einþýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr í botnlanga rétt við golfvöllinn. Neðri hæð: Þrjú herbergi, forstofa, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofa og bílskúr. Efri hæð: Hjónaherbergi, baðherbergi og setustofa. Lagnakjallari með góðri metra lofthæð er undir bílskúr sem ekki er í skráðum fermetrum hússins. Mjög stórar svalir eru á efri hæðinni. Stórt hellulagt bílaplan. **V. 83,9 m.**

Óðinsgata 4 - 101 Reykjavík



Hringdu og bókaðu skoðun

Mjög fallleg 82,4 m², 3ja herbergja íbúð á 2. hæð við Óðinsgötu 4 í Reykjavík. Góð 3ja herbergja íbúð á þessum frábæra stað. Mikil endurnýjuð. Íbúðin skiptist í tvö herbergi, forstofugang, baðherbergi, eldhús og stofu. Sérgeymsla er í bakgarði. **V. 36,2 m.**

Steinhella 5 - 221 Hafnarfjörður



Hringdu og bókaðu skoðun

142,3 m² fullbúið atvinnuhúsnæði við Steinhellu 5 í Hafnarfirði. Eignin er skráð 142,3 m², þar af iðnaðarrými á jarðhæð 108,6 m² og skrifstofurými á 2. hæð 33,7 m². **V. 19,9 m.**

Hólmatún 6 - 225 Garðabær



Hringdu og bókaðu skoðun

163 m² endarahús á tveimur hæðum ásamt bílskúr við Hólmatún 6 í Garðabæ (Álftanes). Skipulag: Neðri hæðin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, bílskúr og geymslu. Efri hæðin skiptist í stofu, sjónvarpshol og eldhús. Svalir með falllegu útsýni og timburverönd og garður í suðvestur. **V. 42,0 m**



**FASTEIGNA
MARKAÐURINN ehf.**



Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is



Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is



Gísli Rafn Guðfinnsson
Sölumaður
gisli@fastmark.is



Heimir Fannar Hallgrímsson
hdl. og lögg. fasteignasali



Elín D. Wyszomirski
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is



Magnús Axelsson
Lögg. fasteignasali
magnus@fastmark.is



Halveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
halveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.

Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á söluskrá. Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn sölubóknun.

Efstaleiti – „Breiðablik“. Útsýnisíbúð á efstu hæð.



4ra herbergja 154,3 fm. á 3. hæð (efstu) í glæsilegu fjöleignarhúsi miðsvæðis í Reykjavík.

Samliggjandi stórar stofur með útgengi á svalir til suðurs, sjónvarpsherbergi innaf stofum, rúmgott hjónaherbergi og skrifstofuherbergi. Sérmerkt bílastæði í bílageymslu og hlutdeild í mikilli sam-eign. Á hverri hæð hússins eru setustofur, lagðar náttúrugrjóti, bjartar og rúmgóðar. Húsvörður er búsettur í húsinu. Lóðin er glæsileg með sundlaug, heitum pottum o.fl.

Verð 55,0 millj.

Árskógar. 3ja herbergja íbúð á 8. hæð.



94,8 fm. útsýnisíbúð á 8. hæð í þessu eftirsóttu lyftuhúsi.

Góðar vestur svalir með glerlokun og grasteppi. Rúmgóð stofa með frábæru útsýni. Tvö svefnherbergi. Sér geymsla er í kjallara. Húsvörður. Innangengt er úr húsinu í þjónustumiðstöð á vegum Reykjavíkurborgar.

Íbúðin er ætluð fyrir 60 ára og eldri sem eru félagsmenn í Félagi eldri borgara.

Verð 37,9 millj.

Skógarsel. Glæsileg 3ja – 4ra herb. íbúð með sérinngangi af svölum.



Mjög falleg og rúmgóð 137,5 fm íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi.

Sér inngangur er í íbúðina frá svalagangi. Fallegar samstæðar eikarinnréttingar frá Brúnási eru í allri íbúðinni. Samliggjandi borð- og setustofa með stórum gólfísiðum gluggum. 2 herbergi. Góðar flisalagðar suðursvalir.

Sér stæði í upphitaðri bílageymslu og 2 geymslur.

Verð 54,9 millj.

Langalína – Sjálandi Garðabæ. Glæsileg 4ra herbergja íbúð.



Glæsileg 128,4 fm. íbúð á 2. hæð á góðum stað í Sjálandshverfi auk sér stæðis í bílageymslu.

Stórar svalir til norðvesturs með útsýni yfir Arnarnesvoginn og að Seltjarnarnesi. Verulega aukin lofthæð er í stofum, eldhúsi og einu herbergi íbúðarinnar. Allar innréttingar í íbúðinni frá Brúnási. Stórt opið rými sem í eru eldhús og stofur. Setustofa er með miklum gluggum.

Örstutt er í ylströnd sunnan megin hússins.

Verð 47,9 millj.

Stóragerði.



Mjög fallegt og vel skipulagt 205,9 fm. sérbylí við Stóragerði auk 25,7 fm. bílskúrs.

Eignin er á tveimur hæðum. Samliggjandi bjartar stofur með gluggum í tvær áttir. Rúmgott sjónvarpshól. Fimm herbergi. Flisalagðar svalir til vesturs og austurs. Lóðinni er skipt á milli tveggja eigenda í húsinu og fylgir þessum eignarhluta stór lóð til suðurs með víðarverönd og skjólveggjum auk austurlóðar og helmingis lóðar til norðurs. Innkeyrsla er nýlega hellulögð.

Virðilega góð staðsetning miðsvæðis í borginni og stutt í skóla og aðra þjónustu.

Verð 56,9 millj.

Öldugata - Hafnarfirði. 4ra herbergja íbúð.



Vel skipulögð og björt 87,8 fm. íbúð að meðaltalinni sér geymslu í góðu fjölbýli í Hafnarfirði.

Rúmgott eldhús. Stofa með útgangi á skjólsælur svalir til suðurs. Húsið er nýlega klætt að utan og sameign er til fyrirmyndar.

Staðsetning er mjög góð og stutt er í skóla, leikskóla og út á aðalbraut.

Íbúðin er laus til afhendingar nú þegar.

Verð 24,9 millj.

SUMARBÚSTAÐALÓÐIR



Eignarlóðir við Þingvallavatn

Tvær 7.400 fermetra eignarlóðir niður við Þingvallavatn. Höfum fengið til sölu meðferðar tvær 7.400 fm. samliggjandi vatnslóðir á einstökum stað alveg niður við Þingvallavatn í landi Villingavatns, samtals 1,48 hektarar að stærð. Skv. nýju deiliskipulagi má byggja allt að 223 fermetra hús á hvorri lóð, þar af allt að 40 fermetra bílskúr/bátaskýli. Frá lóðunum nýtur óhindraðs útsýnis yfir Þingvallavatn og til fjalla. **Seljast saman eða sitt í hvoru lagi.**

FLJÓTSHLIÐ



Heilsárshús í landi Hellishóla, Fljótshlíð.

Eignarland með víðáttumiklu útsýni. Glæsilegt og vandað 109,9 fm. heilsárshús vel staðsett á fallegum stað við Réttarmóa 9 í landi Hellishóla nærri golfvöllinum í Fljótshlíð, Rangárfingi eystra. Húsið stendur fremst við árbakka Grjótar sem rennur meðfram landinu sem er 4.094 fermetra eignarland. Húsið er mjög bjart með fallegri gluggasetningu og með miklum vönduðum innréttingum. Timburverönd umlykur húsið á alla vegu. Gólfísiðir gluggar eru í stofu og herbergjum. Gólfhiti er í öllu húsinu. **Víðsýnt er til allra átta m.a. til Eyjafjallajökuls og Vestmannaeyja Verð 40,0 millj.**



VINDAKÓR 10-12- KÓPAVOGI.

NÝJAR 4RA OG 5 HERBERGJA ÍBÚÐIR.

Glæsilegt fjölbýlishús við Vindakór 10 – 12 í Kópavogi.

Íbúðirnar sem eru 4ra og 5 herbergja eru frá 113,6 fm til 144 fm.

Íbúðirnar eru innréttaðar með HTH innréttingum og vönduðum AEG eldhústækjum og eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Stæði í bílageymslu fylgir flestum íbúðum.

Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flísar á baðherbergjum og þvottahúsum.

Byggingaraðili er: Byggingarfélag Gylfa og Gunnars.



ÁLFHÓLSVEGUR 10

Álfhólsvegur 10 - Kópavogi.

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45

Fallegt 203,5 fm. raðhús sem er kjallari og tvær hæðir að meðt. 37,8 fm. bílskúr á þessum eftirsóttasta stað í Kópavogi. Möguleiki er að útbúa séríbúð í kjallara en einnig er sérinngangur er í hann. Búíð er að endurnýja þak á húsi og bílskúr. Lóðin er mjög snyrtileg með fallegum gróðri og hellulögðum stéttum. Verönd til suðurs út af stofum. **Frábær staðsetning þar sem stutt er í alla skóla og ýmsa þjónustu m.a. verslanir, banka og heilsugæslu. Verið velkomin.**

Verð 46,9 millj.



MARKARFLÖT

Markarflöt – Garðabæ

Glæsilegt 315 fermetra einbýlishús að meðtöldum 42,0 fermetra bílskúr á virkilega fallegum og rólegum útsýnisstað innanlega á Markarflöt í Garðabæ. Að innan er eignin nýlega endurnýjuð á afar vandaðan og smekklegan máta og er í góðu ástandi.

Allar lagdir innan hússins hafa verið endurnýjaðar nýlega. Að utan er eignin í góðu ástandi.

Eignin skiptist m.a. í rúmgóðar og bjartar stofur með útgengi á verandir til suðurs og vesturs, glæsilegt eldhús, þrjú til fjögur barnaherbergi og þrjú baðherbergi auk rúmgóðrar hjónasvítu með sér baðherbergi og fataherbergi auk útgengis á verönd.

SÉRBÝLI



DYNGJUVEGUR.

258,5 fm. einbýlishús, kjallari og tvær hæðir, á þessum eftirsóttasta stað við Laugardalinn. Fallega útsýnis nýtur af efri hússins. Húsið, sem er teiknað af Halldóri H. Jónssyni, stendur á 1.062 fermetra leigulöð til suðurs á frábærum stað, örstutt frá Laugardalnum. Húsið var upphaflega byggt árið 1930 en byggt var við og ofaná húsið árið 1950. **Frábær staðsetning, Laus til afhendingar strax. 69,9 millj.**

SÉRBÝLI



GOÐATÚN – GARÐABÆ.

Virkilega fallegt og vel skipulagt 203,1 fm. einbýlishús vel staðsett innst í götu auk baðhúss á baklóð og stórar útlageymslu. Miklar og skjólgóðar verandir eru á framlið hússins og baklóð hússins er öll afgirt með víðar- og hellulagðri verönd með heitum potti. Húsið hefur verið mjög mikið endurnýjað á undanförunum árum, m.a. eldhúsinnrétting, baðherbergi o.fl. **59,9 millj.**

SÉRBÝLI



KLAPPARÁS. FRÁBÆR STAÐSETNING.

Mjög gott 338,6 fm einbýlishús á fjórum pöllum með innbyggðum bílskúr í lokuðum botnlanga á frábærum stað neðst við Elliðaárdalinn í Árbænum. Auðvelt er að útbúa sér íbúð á neðri hæð. Arinn í stofu. Stutt er í alla útivist, sundlaug og alla þjónustu. Skjólgóður trjá garður, tvær verandir til suðausturs og suðvesturs og svarir til vesturs. Gangstéttar á lóð allar endurnýjaðar. **69,0 millj.**

5 HERBERGJA



RAUÐHAMRAR. ÍBÚÐ Á TVEIMUR HÆÐUM.

Rúmgóð 173,0 fm. íbúð á tveimur hæðum að meðtöldri 7,7 fm. geymslu. Mikil lofthæð í stofu á aðal hæð íbúðarinnar. Glæsilegt útsýni að Bláfjöllum og yfir höfuðborgarsvæðið er úr stofu og af stórum suðursvölum. Fjögur svefnherbergi í íbúð, en auðvelt er að stækka stofu á kostnað herbergis. **Um er að ræða mjög bjarta og snyrtilega íbúð á þessum frábæra stað í Grafarvogi. 44,9 millj.**

4RA HERBERGJA



KRISTNIBRAUT – GRAFARHOLTI. ÚTSÝNISÍBÚÐ.

Afar glæsileg 118,9 fm. íbúð á 3. hæð í góðu lyftuhúsi auk 25,2 fm. bílskúr á frábærum útsýnisstað í Grafarholtinu. Stórar og bjartar stofur með gluggum til norðurs og suðurs. Rúmgóðar og skjólsælir svarir og frábært útsýni. Tvö rúmgóð herbergi. Eldhús með miklum og fallegum innréttingum. Baklóð hússins er að stærstum hluta villt en þó líka með tyrfdum flötum. **43,9 millj.**

4RA HERBERGJA



LAUFÁSVEGUR. ÚTSÝNI YFIR REYKJAVÍKURTJÖRN.

Glæsileg 91,3 fm. íbúð á 2. hæð í mjög fallegu timburhúsi við Laufásveg með útsýni yfir Reykjavíkurtjörn og víðar. Mjög mikil lofthæð er í íbúðinni og fallegir gíflistar og rósettur eru í loftum. Íbúðin hefur verið mjög mikið endurnýjuð hið innra á sl. árum, m.a. gólfefni, baðherbergi, eldhúsinnrétting, raflagnir og tafla, settur gólfhiti í alla íbúðina o.fl. **Frábær staðsetning í miðborginni. 44,9 millj.**

3JA HERBERGJA



LANGALÍNA 2 - SJÁLANDI GARÐABÆ

Eignin verður til sýnis frá kl. 18.00 – 18.30

Mjög falleg 106,7 fm. íbúð á 1. hæð að meðtöldri 7,9 fm. geymslu í nýlegu lyftuhúsi, ásamt sér bilastæði í lokaðri bílageymslu. Um er ræða óvenju rúmgóða íbúð með fallegum samstæðum eikarinnréttingum og parketi og flísum á gólfum. Mjög stórir og bjartir gólfisöir gluggar í stofu og eldhúsi. Verið velkomin. **39,9 millj.**

3JA HERBERGJA



EIÐISMÝRI – SELTJARNARNESI. 60 ÁRA OG ELDRI

Vel skipulögð 74,6 fm. íbúð á 1. hæð (jarðhæð) auk 6,4 fm. sér geymslu í kjallara í vönduðu húsi fyrir 60 ára og eldri sem eru félagsmenn í Félagi eldri borgara. Sérmerkt stæði í lokaðri bílageymslu fylgir íbúðinni. Útgengt er út á víðarverönd til suðurs úr stofu. Íbúðin á hlutdeild í sameign, t.d. billjardsal og samkomusal í húsinu. **31,9 millj.**

3JA HERBERGJA



STRANDVEGUR - SJÁLANDI GARÐABÆ.

Mjög glæsileg 3ja-4ra herbergja 118,7 fm. íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi niður við sjóinn. Sér stæði í bílageymslu. Fallegar eikarinnréttingar í eldhúsi. Tvö herbergi með skápum. Frábært útsýni til sjávar, að Seltjarnarnesi, Bessastöðum og víðar. Skjólsæl verönd með steyptum skjólvegg. **Frábær staðsetning niður við sjóinn. 49,9 millj.**



Sverrir Kristinnsson, framkvæmdastjóri, lögg. fasteignasali | Guðmundur Sigurjónsson, lögráðgjafi, lögg. fasteignasali | Þorleifur St. Guðmundsson, lögg. fasteignasali | Kjartan Hallgeirsson, lögg. fasteignasali | Geir Sigurðsson, lögg. fasteignasali | Hilmar Þór Hafsteinnsson, lögg. leigumíðlari, lögg. fasteignasali | Magna S. Sverrisdóttir, lögg. fasteignasali | Þórarinn M. Friðgeirsson, lögg. fasteignasali | Reynir Björnsson, lögg. fasteignasali | Guðlaugur I. Guðlaugsson, lögg. fasteignasali | Brynjar Þ. Sumarliðason, BSc í viðskiptafr., aðstoðarm. fast. s. | Jóhanna Valdimarsdóttir, gjaldkeri | Elin Þorleifsdóttir, ritari | Ásdís H. Júlíusdóttir, ritari | Anna M. Sigurðardóttir, ritari

KÁRSNESBRAUT 21D
200 KÓPAVOGI



Mjög fallegt endaraðhús á tveimur hæðum við Kársnesbraut í Kópavogi. Innbyggður bílskúr. Falleg gróin lóð til suðurs með hellulagðri verönd og skjólvegg. Glæsilegt útsýni frá efri hæð hússins. **Eignin verður sýnd mánudaginn 28. september milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. m. 8813**

SNORRABRAUT 33A
101 RVK. ÍBÚÐ MERKT 03-02.



Falleg frábærlega vel staðsett og rúmgóða 68,3 fm talsvert endurnýjaða íbúð á 3.hæð í fjölbýlishúsi í hjarta borgarinnar. Endurnýjað baðherbergi, gólfefni og fl. Mjög gott skipulag og er m.a. rúmgóð stofa, rúmgott svefnherbergi með útg. á svalir. **Eignin verður sýnd mánudaginn 28. september milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 24,9 m. 9044**

LERKIÁS 9
210 GARÐABÆ



Fallegt og vandað 179,7 fm endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Tvö baðherbergi, fjögur herbergi, stór stofa með opnu eldhúsi fallegar innréttingar með granít á borðum, suðurverönd með skjólveggjum og áhal-dahúsi. Útsýni. Húsið er nýlega málað og yfirfarið að utan. **Eignin verður sýnd mánudaginn 28. september milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 62,9 m. 9040**

